



Reykjavík, 27. janúar 2025  
MSS22100084

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

## **Efni: Tillaga skóla- og frístundasviðs um endurnýjun þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík.**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. janúar 2025, varðandi endurnýjun þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi leikskóla ásamt yfirlit yfir samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík, ódags., fyrirmynd að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík, ódags, nýjum reglum um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna frá 18 mánaða til 6 ára ásamt reglum sem giltu frá 1. október 2023, nýjum reglum um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasviðs vegna barna 9/12 mánaða til 36 mánaða ásamt reglum sem giltu frá 1. október 2023, reglum um leikskólaþjónustu sem tóku gildi 19. september 2024, reglum Reykjavíkurborgar um styrki sem tóku gildi 25. maí 2017 og umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. nóvember 2024:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera samninga við tilgreinda sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við meðfylgjandi yfirlit í fylgiskjali 1 yfir rekstraraðila og fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna og fyrirmynd að samningi í fylgiskjali 2. Gildistími samninga verði frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027. Í fyrirmynd að samningi kemur fram að litið sé svo á að eldri samningar aðila, með síðari viðaukum, hafi haldið gildi sínu þar til nýr samningur tekur gildi þann 1. janúar 2025. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs leikskóla og samningsbundnar skyldur. Vegna eins leikskóla verði gerður samningur frá 1. janúar 2025 til 30. júní 2025, sjá nánar í greinargerð með tillöggunni. Að þeim tíma liðnum verði samningur framlengdur til 31. desember 2027, að því gefnu að úrbætur hafi átt sér stað.

Lagt er til að ákvæði 6.12 samningsins sem varðar beiðnir sjálfstætt starfandi leikskóla um frávík frá innritun eftir kennitölu, elsta barnið fyrst, í gr. 6.3 samningsins, komi ekki til framkvæmda vegna innritunar vorið 2025 en komi til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2025. Vegna innritunar fyrir komandi skólaár 2025 - 2026 sem fram fer á tímabilinu 1. mars til 15. apríl 2025 er sjálfstætt starfandi leikskólum heimilt að innrita samkvæmt þeim innritunarreglum sem í gildi hafa verið hjá þeim en þó með það að leiðarljósi sem áður og til samræmis við samninginn að innritað sé eftir kennitöluröð, elsta barnið fyrst, börn með lögheimili í Reykjavík.

Að innritun lokinni þann 15. apríl 2025 verði skipuð samstarfsnefnd af hálfu skóla- og frístundasviðs og Samtaka sjálfstæðra skóla sem hefur það verkefni að skilgreina hvaða málefnalegu sjónarmið, umfram þau sem nú þegar eru skilgreind í reglum um leikskólaþjónustu, geti orðið grunnur að heimild til frávíka frá innritun eftir kennitöluröð í gr. 6.12 fyrirmyndar að samningi. Engu að síður



**Reykjavík**



gildir að Reykjavíkurborg er á grundvelli 26. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu. Gerður er fyrirvari um að það er skóla- og frístundaráð og borgarráð sem taka endanlega ákvörðun varðandi viðmið um frávík, reglur, samþykkt eða synjun beiðna um frávík frá innritun eftir kennitöluröð. Tillögur skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2025.

Lagt er til að frá 1. janúar 2025 til 31. mars 2025 verði heimilt að greiða sama framlag og vegna vistunar reykvískra barna hjá dagforeldrum á aldrinum 12 til 18 mánaða til leikskóla með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Þetta er gert í því skyni að umræddir leikskólar hafi ráðrúm til að óska eftir breytingu á rekstrarleyfi og framlagi ef vilji stendur til þess.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samningsmarkmið fyrir samstarf við sjálfstætt starfandi leikskóla tóku gildi þann 1. janúar 2025 og eru niðurstöður ítarlegs samráðs og viðræðna. Þessi mikla vinna skilaði hér sterkum grunni fyrir fjölbreytt leikskólastarf í borginni og gott samstarf við sjálfstætt starfandi leikskóla sem bjóða mikilvægt gæðastarf í þágu barna og fjölskyldna í borginni. Samstarfsnefndinni er ekki ætlað að breyta þeim niðurstöðum eða þeim markmiðum sem lagt er upp með heldur mun hún fylgja eftir innleiðingu á samþykktum samningsmarkmiðum varðandi innritunar á grundvelli kennitalna barna og lögheimilis í Reykjavík og styðja skólana í því ferli á aðlögunartíma.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hinn 21. nóvember 2024 var samþykkt samhljóða í borgarráði að veita sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs heimild að gera samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla. Við þessa samþykkt í dag, um endurnýjun þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík, vilja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja á það ríka áherslu að það getur verið málefnalegt, vegna sérstakra aðstæðna, bæði faglega og fjárhagslega, að vikið sé frá meginreglunni um að veiting leikskólaplássna fari eftir kennitöluröð umsækjenda. Frávík af slíku tagi eiga ekki síst við vegna reksturs sjálfstætt starfandi leikskóla sem teljast smáir. Kostur þess að hafa flóru sjálfstætt starfandi leikskóla er ótvíræður þar eð starfsemi þeirra ýtir undir fjölbreytni og aukinni gerjun á þessu stigi menntakerfisins. Mikilvægt er því að sameiginleg nefnd frá skóla- og frístundasviði og Samtökum sjálfstæðra skóla, sem taka á til starfa eftir 15. apríl næstkomandi, móti sanngjörn og eðlileg viðmið um frávík frá áður nefndri meginreglu um inntöku í leikskóla eftir kennitöluröð.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum lagði fram svohljóðandi bókun:



Fulltrúi foreldra barna í leikskólum hvetur Reykjavíkurborg til þess að setja ákvæði um menntun og þjálfun matráða og starfsfólks í eldhúsum sjálfstætt starfandi leikskóla í samningana til þess að tryggja að matur sem eldaður og/eða framreiddur er fyrir börn sé öruggur. Í samningnum er gerð krafa á sjálfstætt starfandi leikskóla um að birta fáliðunaráætlanir á heimasíðum leikskólanna. „9.2 Leikskólinn skal útbúa viðbragðsáætlun vegna fáliðunar og ber honum að birta hana á heimasíðu sinni. Leikskólanum ber að tilkynna fagstjóra í Miðstöð ef til þess kemur að senda þurfi börn heim vegna fáliðunar.“ Ég vil vekja athygli á því að Reykjavíkurborg birtir ekki fáliðunaráætlanir fyrir borgarrekna leikskóla á vefsíðu borgarinnar. Ég vil benda Reykjavíkurborg að bæta úr því.

Virðingarfyllt

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Yfirlit yfir samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla, ódags.

Fyrirmynd af þjónustusamningi, ódags.

Nýjar reglur um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna frá 18 mánaða til 6 ára ásamt reglum dags. 1. október 2023

Nýjar reglur um rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasviðs vegna barna 9/12 mánaða til 36 mánaða ásamt reglum dags. 1. október 2023

Reglur um leikskólaþjónustu dags. 19. september 2024,

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki dags. 25. maí 2017

Umögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. nóvember 2024



Reykjavík



## TILLAGA

Reykjavík, 22. janúar 2025

MSS22100084

Til: skóla- og frístundaráðs

Frá: sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

**Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi endurnýjun þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi leikskóla**

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera samninga við tilgreinda sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við meðfylgjandi yfirlit í fylgiskjali 1 yfir rekstraraðila og fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna og fyrirmynd að samningi í fylgiskjali 2.

Gildistími samninga verði frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027. Í fyrirmynd að samningi kemur fram að litið sé svo á að eldri samningar aðila, með síðari viðaukum, hafi haldið gildi sínu þar til nýr samningur tekur gildi þann 1. janúar 2025. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs leikskóla og samningsbundnar skyldur. Vegna eins leikskóla verði gerður samningur frá 1. janúar 2025 til 30. júní 2025, sjá nánar í greinargerð með tillögunni. Að þeim tíma liðnum verði samningur framlengdur til 31. desember 2027, að því gefnu að úrbætur hafi átt sér stað.

Lagt er til að ákvæði 6.12 samningsins sem varðar beiðnir sjálfstætt starfandi leikskóla um frávík frá innritun eftir kennitölu, elsta barnið fyrst, í gr. 6.3 samningsins, komi ekki til framkvæmda vegna innritunar vorið 2025 en komi til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2025. Vegna innritunar fyrir komandi skólaár 2025 - 2026 sem fram fer á tímabilinu 1. mars til 15. apríl 2025 er sjálfstætt starfandi leikskólum heimilt að innrita samkvæmt þeim innritunarreglum sem í gildi hafa verið hjá þeim en þó með það að leiðarljósi sem áður og til samræmis við samninginn að innritað sé eftir kennitöluröð, elsta barnið fyrst, börn með lögheimili í Reykjavík.

Að innritun lokinni þann 15. apríl 2025 verði skipuð samstarfsnefnd af hálfu skóla- og frístundasviðs og Samtaka sjálfstæðra skóla sem hefur það verkefni að skilgreina hvaða málefnalegu sjónarmið, umfram þau sem nú þegar eru skilgreind í reglum um leikskólaþjónustu, geti orðið grunnur að heimild til frávika frá innritun eftir kennitöluröð í gr. 6.12 fyrirmyndar að samningi. Engu að síður gildir að Reykjavíkurborg er á grundvelli 26. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu. Gerður er fyrirvari um að það er skóla- og frístundaráð og borgarráð sem taka endanlega ákvörðun varðandi viðmið um frávík, reglur, samþykkt eða synjun beiðna um frávík frá innritun eftir kennitöluröð. Tillögur skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs liggi fyrir eigi síðar en 1. júní 2025.

Lagt er til að frá 1. janúar 2025 til 31. mars 2025 verði heimilt að greiða sama framlag og vegna vistunar reykvískra barna hjá dagforeldrum á aldrinum 12 til 18 mánaða til



leikskóla með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Þetta er gert í því skyni að umræddir leikskólar hafi ráðrúm til að óska eftir breytingu á rekstrarleyfi og framlagi ef vilji stendur til þess.

### **Greinargerð:**

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýrra samninga í samvinnu við fulltrúa Sjálfstæðra skóla – fjölbreytts samfélags skóla og hefur af því tilefni átt fjölmarga fundi með fulltrúum skólanna auk þess sem samtökin hafa komið sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri.

Á fundi borgarráðs þann 21. nóvember 2024 var samþykkt að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að gera samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla, byggt á framlögðum skjölum, [sjá má afgreiðsluna undir dagskrárlíð 8 hér.](#)

### **1. Form samnings**

Í fyrsta lagi nær samningurinn til framlaga vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára með lögheimili í Reykjavík. Þrjú leikskólar hafa verið með þennan samning.

Í öðru lagi eru tíu leikskólar sem eru með framangreindan samning jafnframt með ákvæði í samningnum vegna ungbarnaeilda (börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða). Í stað þess að vera með sérstakan samning vegna ungbarnaeildar verður nú einn samningur sem nær til barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára og ungbarnaeildar þrátt fyrir að forsendur framlags séu ekki með sama hætti í báðum tilfellum.

Tveir rekstraraðilar eru með samning vegna fimm ára leikskóladeildar í grunnskóla. Þessir samningur eru sama efnis og samningur vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Í þriðja lagi er um að ræða samning við fjóra sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla vegna barna á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða.

Allir samningarnir eru efnislega að mestu samhljóða að því undanskildu að mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur er margfölduð með 1,15 vegna leikskóla með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára en margföldunarstuðullinn er 2,15 vegna ungbarnaleikskóla með samning sem nær til barna á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða og vegna ungbarnaeilda með börn á aldrinum 12 til 18 mánaða.

### **2. Samningsaðilar og fjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna**

Upplýsingar um samningsaðila er að finna í fylgiskjali 1. Þar eru jafnframt upplýsingar um heimilaðan fjölda barna samkvæmt rekstrarleyfi leikskólans og fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna.

Skerjagarður hefur óskað eftir breytingu á rekstrarleyfi og fer fram á að greitt verði framlag vegna 54 barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Þar af fjögurra á aldrinum 12 til 18 mánaða. Síðasti samningur kvað á um greiðslu framlags vegna 50 barna en í maí, júní og ágúst vegna 56 barna. Lagt er til að heimilt verði að greiða framlag vegna 54 barna með lögheimili í Reykjavík og breyting taki gildi 1. febrúar 2025 með þeim fyrirvara að nýtt rekstrarleyfi verði samþykkt.

### **3. Gildistími samnings**

Lagt er til að gildistími samninga verði frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027. Í fyrirmynd að samningi kemur fram að litið sé svo á að eldri samningar aðila, með síðari viðaukum, hafi haldið gildi sínu þar til nýr samningur tekur gildi þann 1. janúar 2025. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu skilyrði til reksturs leikskóla og samningsbundnar skyldur.



Leikskólinn Lundur hefur fengið fresti til úrbóta á leikskólastarfinu, til samræmis við 4. gr. reglugerðar nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. Ábendingar bárust vegna leikskólans Lundar í september 2024 og var í kjölfarið gerð krafa um úrbætur á ýmsum þáttum er varða aðbúnað barna og námsumhverfi þeirra. Leikskólinn verður heimsóttur í janúar 2025 þar sem farið verður yfir hvaða breytingar hafa orðið nú þegar og hvað þarf að vinna betur með. Það er mat SFS að mikilvægt sé að leikskólinn uppfylli kröfur um úrbætur áður en samningur með lengri gildistíma verður gerður.

Lagt er til að gerður verði samningur sem gildir frá 1. janúar 2025 til 30. júní 2025. Að þeim tíma liðnum verði samningur framlengdur til 31. desember 2027, að því gefnu að úrbætur hafi átt sér stað.

#### 4. Sérákvæði vegna innritunar eftir kennitöluröð, elsta barnið fyrst

##### *Lagaumgjörð vegna úthlutunar leikskólaplássna og ráðstöfun opinbers fjár*

Í fyrirmynd samnings er sem áður kveðið afdráttarlaust á um að börn innritast í leikskóla á þá leikskóla sem foreldrar sækja um eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Reglan er byggð á því sjónarmiði að eðlilegasta og óumdeildasta reglan við forgangs röðun barna að leikskólavist sé aldur barna. Frávik frá þeirri reglu verði því almennt að styðjast við önnur og ríkari sjónarmið.

Í gr. 6.12 fyrirmyndar að samningi kemur fram að ef til staðar eru málefnalegar ástæður er réttlæta að vikið sé frá ákvæði í gr. 6.3 um innritun eftir kennitölu, getur sjálfstætt starfandi leikskóla óskað eftir sérákvæði í samningi. Ákvæði þess efnis skal útfært eftir aðstæðum hverju sinni.

Um málsmeðferð Reykjavíkurborgar gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og meginreglur stjórnarsýsluréttarins, þ. á m. um jafnræði og að ákvarðanir stjórnvalda skuli studdar málefnalegum sjónarmiðum. Um starfsemi Reykjavíkurborgar gilda jafnframt sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, en samkvæmt 2. mgr. 7. gr. þeirra skulu sveitarfélög vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þeirra eftir því sem fært þygi á hverjum tíma. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að sveitarstjórnarlögum kemur fram að því leyti sem sveitarfélögin hafi val um það hvernig lögin skuli útfærð og tiltekin verkefni framkvæmd beri þeim jafnframt að sjá til þess að slík framkvæmd sé í samræmi við grundvallarreglur um meðferð stjórnarsýsluvalds, þar á meðal það sjónarmið að framkvæmdin stuðli að sameiginlegri velferð íbúanna á hverjum tíma.

Um leikskóla gilda sérlög nr. 90/2008, en þar er meðal annars kveðið á um það í 26. gr. laganna að sveitarstjórn sé heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði. Þessar reglur séu annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins. Í athugasemdum við ákvæði 26. gr. í frumvarpi því er varð að lögum um leikskóla segir að með ákvæðinu sé ekki verið að draga úr skyldum sveitarfélaga til að bjóða börnum á leikskólaaldri leikskólanám, sbr. 4. gr., óski foreldrar þess. Einungis sé verið að heimila sveitarfélögum ákveðið svigrúm á þessu sviði ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða umsóknum. Allar undanþágur frá meginreglunni um innritun barna í leikskóla sem reknir eru með framlögum úr sveitarsjóði þurfa því að byggjast á hlutlægum og málefnalegum forsendum. Reglur af framangreindu tagi eru í gildi hjá Reykjavíkurborg, sbr. reglur Reykjavíkurborgar um leikskólapijónustu.

Í reglunum er fjallað um innritun barna í leikskóla í grein 1.a. Í 7. málsgrein greinarinnar kemur fram sú meginregla við innritun barna í leikskóla Reykjavíkurborgar að börn skuli innritast í leikskóla eftir kennitölu, þ.e. þau elstu fyrst. Kemur þar einnig fram að sú regla gildi um sjálfstætt starfandi leikskóla nema um annað sé samið við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Þessa heimild ber að túlka í samræmi við áður nefnd ákvæði stjórnarsýslulaga og sveitarstjórnarlaga og þarf því meðal annars að gæta jafnræðisreglunnar og réttmætisreglunnar við beitingu hennar. Felur þetta ákvæði því ekki í sér óheft svigrúm til



samningsgerðar um undantekningu frá þeirri meginreglu að innrita skuli börn í leikskóla eftir kennitöluröð, heldur ber við slíka samningsgerð að gæta jafnræðis og þess að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið séu fyrir slíkum undantekningum.

Um forgang að plássi í leikskólum Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík gilda ákvæði 4. gr. reglnanna. Er þar að finna reglur um forgang þeirra barna í leikskóla sem eru orðin fimm ára, eru fötluð, með skilgreind þroskafrávik, búa við erfiðleika í félagssumhverfi eða eru börn starfsfólks í ýmist leikskólum Reykjavíkurborgar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík. Þessar forgangsreglur taka flestar mið af aðstæðum og þörfum barna en ekki foreldra og eru ákvarðanir um beitingu þeirra teknar í hverju tilviki fyrir sig. Þannig fer fram atviksbundið mat í hvert skipti sem veitt er slík undanþága.

Framangreindar forgangsreglur eru reistar á þeim sjónarmiðum að viðkomandi börn og/eða foreldrar séu í sérstaklega viðkvæmri félagslegri stöðu og að af þeirri ástæðu sé málefnalegt að veita þeim stuðning umfram aðra íbúa með þessum hætti. Þá byggir forgangur barna starfsfólks leikskóla á því að með slíku sé stuðlað að meiri mönnun leikskólanna sjálfra sem aftur leiði til þess að fleiri börn fái úthlutað leikskóladvöl.

Er það mat skóla- og frístundasviðs að þessar forgangsreglur byggist á sjónarmiðum sem bæði verði talin hlutlæg og málefnaleg.

#### *Beiðnir um sérákvæði í samningi um frávik frá innritun eftir kennitöluröð*

Neðangreindir rekstraraðilar hafa óskað eftir undanþágu á grundvelli gr. 6.12 fyrirmyndar samnings:

*Hjallastefnan ehf. vegna Öskju og Laufásborgar, Skóli Ísaks Jónssonar, Landakotsskóli, Félagsstofnun stúdenta vegna Sólgarðs og Mánagarðs, Skólar ehf. vegna Ársólar, Krílasel ehf., Skerjagarður og Vinaminni.*

Í ljós kom að beiðnir um frávik frá innritun eftir kennitöluröð voru víðtækari en fyrirséð var af hálfu skóla- og frístundasviðs. Skóla- og frístundasvið sendi hluta skólanna bréf þar sem upplýst var um að ráðgert væri að leggja til við skóla- og frístundaráð að synja beiðni um frávik frá kennitöluröð byggt á sjónarmiðum sem rakin eru hér að framan. Í kjölfarið kom í ljós að kanna þyrfti nánar forsendur beiðna og leiðir til lausna.

Vegna þess hversu stuttur tími er til innritunar vegna hausts 2025 er lagt til að ákvæði 6.12 samningsins sem varðar beiðnir sjálfstætt starfandi leikskóla um frávik frá innritun eftir kennitölu, elsta barnið fyrst, í gr. 6.3 samningsins, komi ekki til framkvæmda vegna innritunar sem fram fer á tímabilinu 1. mars til 15. apríl 2025 en komi til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2025.

Sett verði ákvæði til bráðabirgða í samninginn í þá veruna að vegna innritunar fyrir komandi skólaár sem fram fer á tímabilinu 1. mars til 15. apríl 2025 sé leikskólanum heimilt að innrita samkvæmt þeim innritunarreglum sem í gildi hafa verið hjá honum en þó með það að leiðarljósi sem áður að innritað sé eftir kennitöluröð börn með lögheimili í Reykjavík. Að innritun lokinni þann 15. apríl 2025 verði skipuð samstarfsnefnd af hálfu skóla- og frístundasviðs og Samtaka sjálfstæðra skóla sem hefur það verkefni að skilgreina hvaða málefnalegu sjónarmið, umfram þau sem nú þegar eru skilgreind í reglum um leikskólaþjónustu, geti orðið grunnur að heimild til frávik frá innritun eftir kennitöluröð í gr. 6.12 fyrirmyndar að samningi. Engu að síður gildir að Reykjavíkurborg er á grundvelli 26. gr. laga um grunnskóla heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu á grundvelli 26. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Gerður er fyrirvari um að það er skóla- og frístundaráð og borgarráð sem taka endanlega ákvörðun varðandi viðmið um frávik, reglur, samþykkt eða synjun beiðna um frávik frá innritun eftir kennitöluröð. Tillögur skóla- og frístundasviðs til skóla- og frístundaráðs skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2025.



Tillaga þessa efnis hefur verið borin undir Samtök sjálfstæðra skóla og hafa borist upplýsingar um að stjórn hafi samþykkt tillögu að breytingum á fyrirmynd samnings.

## 5. Fjárhagsleg áhrif

Áætlaður kostnaður vegna aðlögunar innritunarkerfisins Völu er 5 milljónir króna. Áætlaður rekstrarkostnaður sem felst í viðhaldi, þjónustu og notendaleyfum er áætlaður 5 milljónir króna á ári. Áætlaður upphafskostnaður er því 10 milljónir króna og síðar 5 milljónir króna á ári.

Að öðru leyti liggur fyrir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 16. nóvember 2024.

Gert er ráð fyrir að sækja verði um viðauka við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna mögulegs viðbótarkostnaðar samningsins.

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs er gert ráð fyrir framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið vegna annars vegar barna frá 18 mánaða til 6 ára og ungbarnadeilda þeirra eftir því sem við á og hins vegar vegna barna 6/9 sem nú verður 9/12 mánaða til 36 mánaða. Framlenging samninga hefur ekki áhrif á drög að fjárhagsáætlun SFS vegna ársins 2025 eða núverandi framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla. Framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla á ársgrundvelli geta numið allt að 4 milljarðar króna m.v. hámarks fjölda barna sem fram kemur í einstökum samningum.

Fyrir liggur umsögn skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar, dags. 29. nóvember 2024, um að ekki sé skylt að fara í útboð.

## 6. Eldri samningur

Á 144. fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. september 2018 og í borgarráði þann 4. október 2018 var samþykkt að gera samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík. Samningarnir tóku gildi þann 1. október 2018 og giltu til þriggja ára. Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 og í borgarráði þann 10. janúar 2019 var samþykkt tillaga varðandi ungbarnadeildir í sjálfstætt reknum leikskólum: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44.\\_sfs\\_ungbarnadeildir.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44._sfs_ungbarnadeildir.pdf)

Frá árinu 2018 hafa verið gerðir samningar og viðaukar um framlög á grundvelli umsókna sjálfstætt rekinna leikskóla.

Í meðfylgjandi yfirliti má sjá rekstraraðila sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík, tegund af samningi og fjölda barna skv. samningi um greiðslu framlags miðað við núverandi stöðu. Hluti samningsaðila hefur óskað eftir breytingum á rekstrarleyfi og samningum og er sá hluti afgangur sérstaklega.

## 7. Afgreiðsla

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er lagt til að gerðir verði samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við Reykjavíkurborg á grundvelli meðfylgjandi upplýsinga um samningsaðila og fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna í **fylgiskjali 1** og fyrirmyndar að samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík í **fylgiskjali 2**.





## Fylgiskjali 1

## Yfirlit yfir samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík

## Samningar við ungbarnaleikskóla, börn á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða

Nafn leikskóla	Nafn rekstraraðila	Kenntala	Framlag vegna fjölda barna	Fjöldi skv. rekstrarleyfi
Ársól	Skólar ehf.	630800-2930	68	68
Lundur	Leikskólinn Lundur ehf	500106-0500	45	50
Sólgarður	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	115	115
Krílasel	Krílasel ehf	700818-0390	25	25

## Samningar vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára með ungbarnadeild barna á aldrinum 12 til 18 mánaða

Askja	Hjallastefnan ehf	540599-2039	175	175; 135 eldri og 40 yngri
Korpukot	LFA ehf	590104-2720	100	100; 62 eldri og 38 yngri
Bakkakot	LFA ehf	590104-2720	58	58; 20 eldri og 38 yngri
Fossakot	LFA ehf	590104-2720	80	80; 63 eldri og 17 yngri
Mánagarður	Félagsstofnun stúdenta	540169-6249	128	128; 104 eldri og 24 yngri
Ós	Barnaheimilið Ós	641073-0329	48	48; 41 eldri og 7 yngri
Regnboginn	Gaudium ehf.	600721-0970	82	82; 72 eldri og 10 yngri
Sælukot	Leikskólinn Sælukot	420683-0309	72	72; 52 eldri og 20 yngri
Vinaminni	Leikskólinn Vinaminni ehf.	500194-2519	86	86; 70 eldri og 16 yngri
Kfum og K	Leikskóli KFUM og KFUK	590176-0369	97	98; eldri 90 og yngri 9, til viðbótar 110 í maí, júní og ágúst



## Fylgiskjali 1

## Samningar vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára

Laufásborg	Hjallastefna ehf.	540599-2039	127	127
Skerjagarður*	Skerjagarður ehf	590315-1250	50	50. Í maí, júní og ágúst 56 verður 54 frá 1. febrúar 2025
Sólstafir	Waldorfleikskólinn Sólstafir	430694-2199	83	93

## Samningar vegna barna í 5 ára leikskóladeild grunnskóla

Ísaksskóli	Skóli Ísaks Jónssonar	600269-4889	75	80
Landakotsskóli	Landakotsskóli	660505-1210	30	30

\*Með fyrirvara um að breyting á rekstrarleyfi verði samþykkt er gert ráð fyrir að heimilt verði að greiða framlag vegna 54 barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára, þar af fjögurra á aldrinum 12 til 18 mánaða, frá 1. febrúar 2025. Fram að þeim tíma er heimilt að greiða framlag vegna 50 barna en í maí, júní og ágúst vegna 56 barna.



## Samningur um framlag vegna rekstur leikskóla

### I. kafli

#### ***Aðilar, tengiliðir, ábyrgð á faglegu starfi og reglur sem ná til samningsins***

##### 1. gr.

##### *Aðilar og tengiliðir*

1.1 Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt SFS gerir þennan samning f.h. Reykjavíkurborgar við rekstraraðilann [rekstraraðili] [kennitala og heimilisfang], hér eftir nefndur leikskólinn eða rekstraraðilinn í samningnum.

1.2 Tengiliður fyrir hönd leikskólans er [nafn og starfsheiti tengiliðar]. Tengiliður fyrir hönd SFS er [Nafn og starfsheiti tengiliður]. Tengiliðir skulu leggja áherslu á að koma erindum og úrlausnarefnum fljótt og vel í réttan farveg og hraða afgreiðslu þeirra, jafnframt að skrá og geyma minnisatriði um samskiptin og hvernig hverju úrlausnarefni er lokið.

1.3 SFS skal bjóða stjórnendum og rekstraraðilum sjálfstætt starfandi leikskóla reglulega til funda til að fjalla um málefni leikskólanna, að lágmarki tvisvar á ári. Þá skal halda fundi með Sjálfstæðum skólum í kjölfar samþykktar fjárhagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir forsendum framlaga til sjálfstætt starfandi leikskóla sem gert hafa samning við SFS. Jafnframt ber að upplýsa sjálfstætt starfandi skóla um breytingar á reglum um leikskólaþjónustu, eigi síðar en í beinu framhaldi samþykktar breytinga í borgarráði.

##### 2. gr.

##### *Ábyrgð á faglegu starfi leikskóla*

2.1 Með undirritun samningsins staðfestir leikskólinn að hann ber fulla og óskipta ábyrgð á framkvæmd faglegs leikskólastarfs í leikskólanum samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla sem og öðrum lögum og reglum er gilda um starfsemi leikskóla hverju sinni að því marki sem ábyrgð á slíkri framkvæmd er ekki með lögum falin öðrum, þ. á.m. sveitarfélögum. Með faglegu leikskólastarfi er átt við nám, kennslu, umönnun, uppeldi, sérstaka aðstoð og þjálfun.

2.2 Framkvæmd sjálfstætt starfandi leikskóla skal byggja á menntastefnu Reykjavíkurborgar og taka mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar við gerð skólanámskrár, starfsáætlunar og í leikskólastarfinu. Komi upp ágreiningsmál vegna þessa skulu tilnefndir tveir aðilar, einn af hálfu hvors samningsaðila auk sameiginlegrar tilnefningar oddamanns sem þeir koma sér saman um og skulu þeir leitast við að leysa úr ágreiningnum.

2.3 Við leikskólann skal vera leikskólastjóri í fullu starfi (100%) sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Til samræmis við 5. gr. laga um leikskóla stjórnar leikskólastjóri daglegum rekstri



## Fylgiskjal 2

og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli.

[Skóla- og frístundasviði er heimilt er að gefa sjálfstætt starfandi leikskóla sem ekki uppfyllir skilyrðið við gildistöku samningsins frest til sex mánaða til að uppfylla þessa kröfu.]

### 3. gr.

#### *Helstu lög og reglur sem leikskólanum ber að fara eftir*

3.1 Samningur þessi er gerður í samræmi við 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og reglur Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi leikskóla en framlag SFS er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík.

3.2 Leikskólinn fylgir reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu til samræmis við það sem fram kemur í reglunum sjálfum og í samningi þessum. Taki reglurnar breytingum gilda þær svo breyttar gagnvart leikskólanum án sérstakrar tilkynningar, uppsagnar eða endurskoðunar samningsins af hálfu samningsaðila.

3.3 Með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 gilda um rekstur leikskólans sömu lög og reglur og gilda um aðra leikskóla, meðal annars lög nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Meðal annars er allt starfsmannahald, þar á meðal ráðningar og ráðningarsamband, á ábyrgð leikskólans.

3.4 Með vísan til 1. mgr. 25. gr. og 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal leikskólinn fylgja ákvæðum laga um leikskóla og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 30. gr. laga um leikskóla.

3.5 Með vísan til 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gilda ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 um þá stjórnarsýslu sem leikskólinn annast.

3.6 Með vísan til ákvæða laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn skal leikskólinn tryggja fullnægjandi skjalastjórn og skjalavörslu skjala sem lúta að leikskólastarfi. Ber leikskólinn sjálfstæða skyldu til að afhenda opinberu skjalasafni skjöl til samræmis við ákvæði laganna.

3.7 Skólinn aftar og kannar sakarvottorð starfsfólks og tryggir að þau standist þær kröfur sem leiða af 6. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Samkvæmt ákvæðinu er óheimilt að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

3.8 Eftir því sem við á fer um framlög til leikskólans og skyldur hans eftir því sem kveðið er á um í reglum Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í borgarráði hinn 25. maí 2017.<sup>1</sup> Í því felst m.a. að leikskólinn skal geta þess í kynningarefni að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg auk þess sem leikskólanum ber að skila SFS kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna framlaganna. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif framlögin hafa á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkur.<sup>1</sup>

3.9 Leikskólanum ber með sama hætti og leikskólum Reykjavíkurborgar að fylgja fyrirmælum neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar, samkvæmt gildandi viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar, ef lýst hefur verið yfir neyðarástandi til samræmis við lög nr. 82/2008 um almannavarnir og reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almannavarnarstiga

<sup>1</sup> [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_styrki.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/reglur_reykjavikurborgar_um_styrki.pdf)



## Fylgiskjal 2

3.10 Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar, samanber persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar.

Leikskólinn skal fylgja ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda teljist hann ábyrgðaraðili/sameiginlegur ábyrgðaraðili/vinnsluaðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Skólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga samkvæmt samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög.

Leikskólinn og SFS gera með sér samkomulag um vinnslu persónuupplýsinga á milli sameiginlegra ábyrgðaraðila.

Leikskólinn og SFS bera hvor um sig ábyrgð á þeirri vinnslu sem þeir inna af hendi samkvæmt gildandi lögum og reglum, sem og samkvæmt samningi um sameiginlega ábyrgð og ákveða um aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga að svo miklu leyti sem þeir hafa ekki komið sér saman um annað.

### II. kafli

#### ***Umfang leikskólaþjónustu***

##### 4. gr.

#### *Opnunartími leikskóla og fæði*

4.1 Leikskólinn skal veita leikskólaþjónustu alla virka daga ársins, að frátalinni lokun vegna sumarleyfis leikskólabarna í 20 virka daga, aðfangadegi jóla, gamlársdegi og sex skipulagsdaga. Leitast skal við að skipulagsdagar leikskólans og grunnskóla í hverfinu fari saman. Með leikskólaþjónustu er átt við þá kennslu og uppeldisstarf sem alla jafna fer fram í leikskóla ásamt stuðningi við þau börn sem hana þurfa til samræmi við lög um leikskóla.

4.2 Samningurinn tekur til leikskólareksturs frá kl. 07:30 til 16:30, en greitt er framlag til leikskólans vegna 42,5 stunda dvalartíma að hámarki á viku sem er til samræmis við fjölda dvalarstunda í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá jafnframt gr. 22.5 í samningi þessum.

Leikskólanum er heimilt að hafa lengri þjónustutíma ef það samrýmist ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla, meðal annars um leikskólastarfsemi og vernd barna og ungmenna, að því tilskyldu að hann beri tilfallandi kostnað af því.

4.3 Börn skulu fá máltíðir í leikskólanum, þ.e. morgunhressingu, hádegismat og síðdegishressingu, í samræmi við ráðleggingar um mataræði og næringarefni frá Embætti landlæknis.

##### 5. gr.

#### *Viðbótargreiðsla vegna barna sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun*

5.1 SFS greiðir fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur SFS sem gilda fyrir börn með lögheimili í Reykjavík sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Reglurnar eru birtar á vef Reykjavíkurborgar; [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is). Um kostnað vegna barna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.



## Fylgiskjal 2

5.2 Leikskólinn á rétt á skólaþjónustu í Miðstöðvum Reykjavíkurborgar í hverjum borgarhluta til samræmis við reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu. Yfirlit yfir hvað felst í skólaþjónustu mun liggja fyrir af hálfu skóla- og frístundasviðs eigi síðar en 15. nóvember 2024.

5.3 Leikskólanum skal tryggður sambærilegur aðgangur að upplýsingum og umsóknareyðublöðum og leikskólum Reykjavíkurborgar.

### 6. gr.

#### *Innritun og dvalarsamningur*

6.1 Reglur Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu gilda um umsókn og innritun í leikskólann með sama hætti og gagnvart leikskólum Reykjavíkurborgar. Reglurnar eða hlekkur á þær skulu birtar á heimasíðu leikskólans.

6.2. Samkvæmt reglum um leikskólaþjónustu er það skilyrði innritunar að barn sé með lögheimili í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við SFS vegna leikskólagjalda. Leikskólanum er því aðeins heimilt að innrita barn með lögheimili í Reykjavík að fenginni staðfestingu SFS þess efnis að foreldrar þess séu ekki í vanskilum en innritunarkerfið Vala kemur í veg fyrir innritun í Völu í þessum tilfellum.

6.3 Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst og á það við jafnt um ungbarnaleikskóla, almennar deildir og ungbarnadeildir, sjá nánar í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu. Ákvæði reglna um leikskólaþjónustu um forgang til samræmis við það sem þar kemur fram gilda um sjálfstætt starfandi leikskóla.

6.4 Foreldrar sem vilja sækja um pláss í leikskólanum gera það með umsókn sem fylla skal út á vefsíðu sem SFS leggur til, nú umsokn.vala.is\_ sem birta skal á heimasíðu leikskólans. Skal þess gætt að upplýsingar á vefsíðunni verði hlutlausar m.t.t. þess hvort umsóknin varðar pláss í leikskóla Reykjavíkurborgar eða sjálfstætt rekens leikskóla. Í umsókn skal tilgreina óskir um þjónustu, þ.á.m. í hvaða leikskóla þjónustan verði veitt. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi skólar noti innritunarkerfi Reykjavíkurborgar sem nú er Vala leikskóli, varðandi umsóknir, innritun og umsýslu biðlista, breytingar á dvalarsamningum og umsóknir um afslætti og önnur atriði sem Vala heldur utan um og varða samskipti aðila (<https://vala.is/>). Ef leikskólinn notar annað kerfi þá verði tenging á milli kerfa.

Yfirlit yfir skráningar í Völu leikskóla mun liggja fyrir af hálfu skóla- og frístundasviðs eigi síðar en 15. nóvember 2024.

6.5 Skóla- og frístundasvið ber kostnað vegna gjaldtöku InfoMentor ehf, eða þess vinnsluaðila sem í hlut á hverju sinni, vegna notkunar Völu leikskóla eða annarra slíkra kerfa sem SFS nýtir vegna umsókna, innritunar, umsýslu biðlista auk þeirra skráninga upplýsinga í Völu sem það reynist nauðsynlegt á grundvelli þessa samnings. Ef leikskóli notar annað kerfi í starfsemi sinni þarf leikskólinn að tryggja reglubundinn ( þó daglega á tímabili aðalinnritunar að vori ) samlestur yfir í Völu leikskóla á eigin kostnað. Aðilar samningsins vinna að nánari útfærslu í samvinnu.

6.6 Leikskólinn vinnur að innritun barna eftir þeim reglum sem gilda um innritun hjá SFS vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og eftir ákvæðum samningsins. Leikskólinn skal skrá breytingar á dvalarsamningi og þegar pláss losnar í leikskólanum með skráningu í umsýslukerfið sem nú er Vala leikskóli.



## Fylgiskjal 2

6.7 Foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík eiga forgang að öllum lausum plássum í leikskólanum á tímabilinu frá 1. mars til 15. apríl hvert almanaksár vegna innritunar fyrir komandi skólaár. Forgangurinn gildir a.m.k. vegna innritunar samkvæmt fyrsta vali foreldra.

[Þrátt fyrir ákvæði 6.7 er leikskóla sem starfræktur er við staðarmörk Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga heimilt að óska þess með umsókn til SFS að foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík eigi forgang að allt 80 % að lausum plássum leikskólans fram yfir umsóknir vegna barna með lögheimili í öðrum sveitarfélögum út frá rekstrarleyfi leikskólans]. Framangreint á við að því gefnu að heimilt sé að greiða framlag til þess fjölda samkvæmt samningi þessum.]

Ef á biðlista leikskólans, með hann í 1. vali, eru eingöngu börn með lögheimili í öðrum sveitarfélögum er ekki gerð athugasemd við innritun þeirra.

Ekki er gerð krafa um að börnum úr öðrum sveitarfélögum sem eru í leikskólanum við undirritun samningsins verði sagt upp plássinu.

6.8 Með lausum plássum er átt við heildarfjölda barna samkvæmt samningi þessum að frádregnum börnum sem verða í vistun þann 1. september sama ár.

6.9 Óheimilt er samkvæmt samningi þessum að neita börnum um leikskóladvöl á grundvelli sérþarfa barnsins.

6.10 Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra/leikskólanum og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir SFS. Heimilt er að undirrita skriflega eða með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni.

6.11 Það er gagnkvæmur skilningur samningsaðila að sjálfstætt reknum leikskóla sé heimilt að innrita börn með lögheimili í öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg að því leyti sem ekki er á um annað kveðið í samningnum og gera samninga við önnur sveitarfélög um fyrirkomulag gjaldtöku og þjónustu að því leyti sem ekki er á um annað kveðið í samningnum.

6.12[Ef til staðar eru málefnalegar ástæður er réttlæta að vikið sé frá framangreindu ákvæði í gr. 6.3, um innritun eftir kennitölu, getur sjálfstætt starfandi leikskóli óskað eftir sérákvæði í samningi vegna þessa. Ákvæði þess efnis útfært eftir aðstæðum hverju sinni].

### III. kafli

#### **Gjaldskrá, dvalar- og fæðisgjöld**

##### 7. gr.

##### *Gjaldskrá*

7.1 Gjaldskrá leikskólans má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá SFS vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkurborgar, vegna náms og fæðis barna í leikskólanum, margfölduð með 2,15, vegna ungbarnaleikskóla og ungbarnadeilda eða 1.15 vegna leikskóla fyrir 18 mánaða börn til sex ára. Gjaldskrá SFS vegna leikskóla er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara, sjá nánar 6. gr. reglna Reykjavíkurborgar um leikskólalþjónustu.



## Fylgiskjal 2

### 8. gr.

#### *Náms- og fæðisgjöld*

8.1 Gjöld vegna náms og fæðis barna, einu nafni leikskólagjöld, í leikskólanum skulu miðast við gjaldskrá SFS sbr. 7. gr. Gjöldin renna milliliðalaust til leikskólans og er gerð mánaðarlegra reikninga fyrir leikskólagjöldum og innheimta þeirra á verksviði og ábyrgð leikskólans.

8.2 Komi til greina að leggja viðbótargjöld á foreldra er leikskólanum það heimilt að því gefnu að ekki sé gert ráð fyrir þjónustunni/kostnaðinum sem gjöldin eiga að standa undir í framlagi Reykjavíkurborgar til leikskólans, það er hann falli utan hefðbundins kostnaðar vegna leikskólastarfs hjá Reykjavíkurborg, sem dæmi má nefna bleyjukostnaður og kostnaður vegna þjónustu sem veitt er umfram umsamin opnunartíma og á samningsbundnum lokunardögum.

8.3 Á hverjum reikningi til foreldra vegna leikskólagjalda skal meðal annars koma fram nafn og kennitala barns, lögheimili og fast aðsetur, tímabil sem rukkað er fyrir og meðalfjöldi dvalartíma á dag ásamt upplýsingum um keypt fæði, samanber morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Leikskólinn skal vista afrit reikninga skipulega og aðgengilega, þannig að SFS geti sannreynt upplýsingarnar.

8.4 Leikskólinn skal jafnframt skrá ofangreindar upplýsingar, samkvæmt gr. 8.3 samningsins, um hvert barn í Völu leikskóla/umsýslukerfið. Barngildi og dvalargildi hvers barns eru skráð sjálfkrafa í Völu-umsýslukerfi, dvalargildi mánaðar í heild og barnafjöldi mánaðar í heild en leikskólinn staðfestir upplýsingar í heild.

### IV. kafli

#### ***Húsnæði, búnaður og fjöldi starfsfólks***

### 9. gr.

#### *Húsnæði, fjöldi barna og starfsfólks*

9.1 Gerð leikskólahúsnæðis, aðstæður og starfsumhverfi, skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla til samræmis við lög nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 655/2009, um starfsumhverfi leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir skólalþjónustu vegna barna með stuðningsþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks. Við ákvörðun um fjölda starfsfólks ber að taka tillit til viðmiða SFS um barngildi sem fram koma í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og/eða 2. Viðmið SFS geta tekið breytingum og gilda þá sömu breytingar og fyrir leikskólann.

9.2 Leikskólinn skal útbúa viðbragðsáætlun vegna faliðunar og ber honum að birta hana á heimasíðu sinni. Leikskólanum ber að tilkynna fagstjóra í Miðstöð ef til þess kemur að senda þurfi börn heim vegna faliðunar.

### 10. gr.

#### *Lóð og húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar eða framleigu*

10.1 Grein þessi gildir í þeim tilvikum þegar leikskólinn hefur til umráða samkvæmt leigusamningi við Eignasjóð Reykjavíkurborgar, lóð og húsnæði sem er í eigu Reykjavíkurborgar eða sem borgin framleigir til leikskólans.

10.2 Um er að ræða [tiltaka hér stærð lóðar og húsnæðis]





## Fylgiskjal 2

10.3 Leikskólinn skal leggja til leikföng og annan lausan búnað svo sem húsgögn, tölvubúnað o.s.frv. Leikskólinn skal halda sínum búnaði við og endurnýja hann eftir þörfum á samningstímanum.

10.4 Leigusamningur vegna lóðar, húsnæðis og búnaðar miðast við gildistíma samningsins.

10.5 Að því leyti sem ákvæði þessa samnings kunna að teljast ósamrýmanleg leigusamningi Eignasjóðs gilda ákvæði leigusamningsins.

10.6 Sé þjónustusamningi rift eða hann ekki endurnýjaður skal sá búnaður sem rekstraraðili lagði til vera eign hans.

### 11. gr.

#### *Lóð og húsnæði í eigu leikskólans eða í leigu af þriðja aðila*

11.1 Grein þessi gildir í þeim tilvikum þegar lóð og húsnæði er í eigu leikskólans eða hann hefur tekið það af leigu af þriðja aðila.

11.2 Um er að ræða [tiltaka hér stærð lóðar og húsnæðis].

11.3 Rekstraraðili skal leggja til rekstursins allan nauðsynlegan stofnbúnað til leikskólastarfs svo sem borð, stóla, önnur húsgögn og föst leiktæki á lóð.

11.4 Rekstraraðili skal sinna viðhaldi á húsnæði og búnaði þannig að húsnæði og búnaður sé ávallt fullnægjandi til leikskólastarfs eða tryggja að leigusali annist viðhald með slíkum hætti.

11.5 Rekstraraðili skal leggja til leikföng og lausan búnað svo sem tölvubúnað o.s.frv. Rekstraraðili skal halda sínum búnaði við og endurnýja hann eftir þörfum á samningstímanum.

### 12. gr.

#### *Úttekt á húsnæði og lóð*

12.1 Húsnæði, skólalóð og allur búnaður skal uppfylla kröfur laga nr. 90/2008 um leikskóla, reglugerðar nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla, aðalnámskrár leikskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Jafnframt ber að tryggja að fram fari lögbundið eftirlit með leikvallartækjum og leiksvæðum. Leggja ber fram hjá SFS vottorð sem staðfesta framangreint .

### 13. gr.

#### *Önnur starfsemi og notkun lóðar, húsnæðis eða búnaðar*

13.1 Leikskólinn skal ekki nýta lóð, húsnæði og búnað leikskólans í starfsemi sem talist getur ósambýðanleg leikskólarekstri, þ. á m. starfsemi sem getur talist falla undir lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg, starfsemi sem tengist umsýslu og sölu tóbaks eða nikótínvara eða starfsemi sem gæti talist siðferðilega ámælisverð í samhengi við rekstur leikskóla eða valdið leikskólanum og SFS hnekki.



## V. kafli

### ***Fjárhagsleg ábyrgð og vátryggingar***

#### 14. gr.

##### *Fjárhagsleg staða og framsal samnings*

14.1 Leikskólinn ber fjárhagslega ábyrgð á allri framkvæmd samningsins og rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og SFS óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samninginn eða réttindi samkvæmt honum til þriðja aðila. Jafnframt er óheimilt að veðsetja samninginn eða tengja hann á nokkurn hátt öðrum álíka löggerningi. Þó er leikskólanum heimilt á eigin ábyrgð að semja við banka og lánastofnanir um forgangsröðun greiðslna sem berast samkvæmt samningnum upp í fjárhagslegar skuldbindingar leikskólans og annað slíkt sem hefðbundið þykir í viðskiptum við banka og lánastofnanir og fyrirtæki sem annast reikningakaup. SFS á hvorki aðild að slíkum samningi né ber ábyrgð á honum.

#### 15. gr

##### *Um skaðabótaábyrgð leikskólans*

15.1 Um skaðabótaábyrgð leikskólans fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

15.2 Leikskólinn ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd leikskólaþjónustu. Ennfremur ber leikskólinn ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda SFS eða þriðja aðila meðan á gildistíma samningsins og við framkvæmd leikskólaþjónustu auk þess tjóns er SFS eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

15.3 Leikskólinn skal vera með nauðsynlegar og viðeigandi tryggingar á eigin kostnað en með því er átt við slysatryggingar barna, slysatryggingar launþega (til samræmis við skyldur samkvæmt kjarasamningum), bruna-, vatns- og innbrotstryggingar lausafjármuna, frjálsa ábyrgðartryggingu og brunatryggingu húseigna til samræmis við skyldur húseigenda. Sé lóð og húsnæði í eigu þriðja aðila, skal leikskólinn, eftir atvikum og að breyttu breytanda, ganga úr skugga um að leigusali tryggji það með sama hætti og væri húsnæðið í eigu leikskólans.

#### 16. gr.

##### *Verktakar og kvittanir fyrir vátryggingum (keðjuábyrgð)*

16.1 Ef leikskólinn ræður verktaka í tiltekna verkþætti í leikskólann skal rekstraraðili leikskólans tryggja að þeir hafi sams konar vátryggingarvernd og greinir í gr. 15.3, enda telst hann að fullu ábyrgur vegna athafna eða athafnaleyssi þeirra að því leyti sem verktakinn eða verkið sem hann vinnur fellur ekki undir vátryggingarvernd leikskólans. Óheimilt er að ráða verktaka til að sinna almennu faglegu leikskólastarfi en þó ekki vegna stöku aðkomu verktaka sem dæmi vegna danskennslu. Óheimilt er að ráða verktaka til starfa við leikskóla sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. gr. 3.6.

16.2 Leikskólinn skal sjá til þess að SFS geti haft í leikskólanum aðgang að öllum vátryggingaskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöldum eða staðfestingum á að viðkomandi vátryggingar séu í gildi á hverjum tíma.

## VI. kafli

### ***Eftirlit og upplýsingagjöf***



## Fylgiskjal 2

17. gr.

### *Eftirlit*

SFS fer með eftirlit með efndum samningsins.

18. gr.

### *Upplýsingagjöf*

18.1 Leikskólinn skal hafa rekstrar- og bókhaldslegar upplýsingar aðgengilegar fyrir SFS þegar eftir því er óskað í þeim tilgangi að sannreyna efndir leikskólans samkvæmt samningnum. Ef upplýsingar eru til staðar í gögnum sem þegar hafa verið birt opinberlega er heimilt að vísa til þess hvar þær er að finna. Jafnframt ber að veita SFS allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag leikskólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem SFS kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla. SFS er heimilt að afhenda fyrirliggjandi upplýsingar um starfsemi og fjárhag leikskólans til þriðja aðila sem hefur undirgengist trúnaðarsamning gagnvart SFS reynist það nauðsynlegt vegna rannsókna eða úttekta á starfsemi leikskólans.

18.2 Árlega skal leikskólinn skila til SFS eftirfarandi gögnum:

1. Starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, byggð á skólanámskrá, ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni sem í dag er 1. júlí ár hvert.
2. Ársskýrslu næstliðins leikskólaárs, fyrir lok ágúst ár hvert.
3. Skóladagatal leikskólans, fyrir 1. júlí ár hvert.
4. Gjaldskrá, fyrir lok ágúst, ár hvert. Veita ber upplýsingar um öll aukagjöld sem lögð eru á foreldra með staðfestingu foreldraráðs.
5. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna SFS þegar þær taka gildi.
6. Hlutfall fagmenntaðs starfsfólks, fjölda starfsfólks og starfshlutfall eigi síðar en 10. dag hvers næstlíðandi mánaðar ef breytingar verða.
7. Upplýsingum um húsnæði ef breytingar verða, s.s. hvort um sé að ræða húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar, leiguhúsnæði á almennum markaði, húsnæði í eigu leikskólans eða í eigu fasteignafélags sem sé í eigu sama eignaraðila og rekstur leikskólans fer fram í. Einnig skal þess getið ef nán tengsl eða vensl eru milli leikskólans og eiganda húsnæðis. Skóla- og frístundasviði skal heimilt að kalla eftir afriti af leigusamningi ef þess þykir þörf.
8. Viðmið leikskólans um þörf á starfsfólki miðað við samsetningu barnahópsins og viðmið SFS, fyrir lok september ár hvert og þegar breytingar verða.
9. Endurskoðuðum ársreikningi skal skila fyrir 1. maí ár hvert, sjá nánar í 20. gr. samningsins. Hægt er að fá lengdan skilafrest til og með 31. ágúst.

Eftirfarandi upplýsingar skulu vera aðgengilegar í leikskólanum í þeim tilgangi að sannreyna efndir leikskólans samkvæmt samningnum:

1. Áætlun um innra mat á skólastarfi og innra mat sbr. 18. gr. laga 90/2008.
2. Vátryggingarskírteini og greiðslukvittanir fyrir iðgjöldum eða eftir atvikum staðfestingar á að viðeigandi vátryggingar séu í gildi, með hliðsjón af ákvæði 16.2 þessa samnings.
3. Dvalarsamningur og breytingar á honum, sbr. gr. 6.10
4. Upplýsingar um menntun starfsfólks og starfshlutfall, sbr. gr. 28.3.



## Fylgiskjal 2

5. Önnur gögn sem nauðsynleg eru í þeim tilgangi að sannreyna efndir leikskólans samkvæmt samningnum.

19. gr.

### *Samþykki vegna greiðslu framlags og skoðun*

19.1 SFS hefur rétt á að kanna upplýsingar sem leikskólinn byggir mánaðarlegt uppgjör á og gera rökstuddar athugasemdir ef við á og getur þá greiðsla frestast, að hluta eða öllu leyti. Annars samþykkir SFS greiðslu á grundvelli skráninga í Völu leikskóla og greiðsla fer fram. Þrátt fyrir að SFS hafi samþykkt og greitt samkvæmt skráningu í Völu – leikskóla hefur SFS engu að síður rétt á að skoða uppgjör og forsendur þeirra á gildistíma samningsins, bera fram fyrirspurnir eða rökstuddar athugasemdir og taka upp eldri uppgjör, ef upplýsingar eða aðrar forsendur fyrir uppgjörum orka tvímælis. Leikskólinn skal veita SFS upplýsingar og aðstoð eftir þörfum við slíka vinnu. Eftir því sem við á á leikskólinn sambærilegan rétt til að taka upp eldri uppgjör.

20. gr.

### *Bókhald og endurskoðun ársreikninga*

20.1 Óháð ákvæðum 3. og 109. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, þ.m.t. ákvæði 7. mgr. 3. gr. laganna, skal leikskólinn semja ársreikning sem samræmist ákvæðum II. kafla reglugerðar nr. 696/2019, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn skal áritaður af löggiltum endurskoðanda skv. 104. gr. laga nr. 3/2006 og 16. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Í stað ákvæðis 6. tölul. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 94/2019 skal áritunin innihalda mat á rekstrarhæfi leikskólans.

20.2 Leigi leikskólinn húsnæði af tengdum aðila eða kaupir af honum aðra þjónustu skal umfangsins getið í skýringunum ásamt mati á hvort viðskipti við tengda aðila hafi verið gerð á armslengdarkjörum eður ei.

20.3 Í skýringunum skal fjallað um kröfur eigenda á hendur leikskólanum og kröfur leikskólans á hendur eigendum og lagt mat á hvort slík viðskipti samræmist lögum og reikningsskilaaðferðum. Gögnunum ber að skila til SFS sbr. 9. tölulíð í gr. 18.2. þessa samnings.

20.4 Greiði leikskólinn arð skal skila SFS ítarupplýsingum staðfestum af löggiltum endurskoðanda, um skiptingu tekna, þ.m.t. launa-, stjórnunar-, starfsmanna- og annars rekstrarkostnaðar, vegna þeirrar þjónustu sem veitt er borginni aðgreindri frá annarri starfsemi félagsins.

20.5 Ekki er gerð krafa um verktryggingu ef fyrir liggur staðfesting löggilts endurskoðanda með ársreikningi um að viðkomandi skóli sé rekstrarhæfur næstu 12 mánuði eftir uppgjörsdag.

21. gr.

### *Upplýsingagjöf til Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar*

21.1 Leikskólanum ber að láta Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar í té þær upplýsingar sem hún kann að óska eftir með vísan til starfssviðs hennar, verkefna og hlutverks skv. 1. mgr. 2. gr. og 4. gr. samþykktar fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda.

## VII. kafli

### **Rekstrar- og húsnæðisframlag**

22. gr.



## Fylgiskjal 2

### *Fjöldi barna og vistunartími*

22.1 Fjöldi barna sem greitt er framlag vegna á aldrinum 12 mánaða til sex ára er að hámarki [fjöldi barna] og þar af [fjöldi barna] á aldrinum 12 til 18 mánaða nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ákvæði þetta á við um þá leikskóla sem eru með ungbarnadeild.

22.2 Fjöldi barna sem greitt er framlag vegna á aldrinum 18 mánaða til sex ára er að hámarki [fjöldi barna] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ákvæði þetta á við um þá leikskóla sem eru ekki með ungbarnadeildir.

22.3 Fjöldi barna sem greitt er framlag vegna á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða er að hámarki [fjöldi barna] nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ákvæði þetta á við um ungbarnaleikskóla.

22.4 Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum samkvæmt því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilds dagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilds dagsvistun.

22.5 Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. mgr. gr. 1.b í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu, nú 42,5 klukkustundir innan vikunnar frá mánudegi til föstudags.

### 23. gr.

#### *Skilyrði fyrir framlagi SFS*

23.1 SFS greiðir framlag vegna barns sem dvelur í leikskólanum ef það er með lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum með leikskólagjöld við SFS. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í vanskilum með leikskólagjöld.

23.2 Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. SFS greiðir framlag vegna barns meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Framlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

23.3 Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags.

### 24. gr.

#### *Greiðsla framlags og meðferð rekstrarframlags*

24.1 Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð að því gefnu að leikskólinn uppfylli sínar samningsskyldur. Ekki er greitt í júlí mánuði.

24.2 Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu eða á öðru formi, samkvæmt ákvörðun SFS, sem er lesanlegt í Völu. Þar skráir leikskólinn upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, forsjáraðila, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjölda dvalarstunda samkvæmt dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsfólks leikskólans.

24.3 Ef foreldrar sækja ekki um á vef Reykjavíkurborgar þarf að skrá upplýsingar vegna herra framlags, s.s. vegna námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum SFS um leikskólaþjónustu og gjaldskrá SFS vegna leikskóla Reykjavíkur á [reykjavik.is](http://reykjavik.is).



## Fylgiskjal 2

24.4 Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

24.5 Leikskólinn innheimtir sjálfur greiðslur frá foreldrum samkvæmt gjaldskrá skólans.

24.6 Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef SFS hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

24.7 Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna SFS um þau án tafar.

24.8 Rekstrarafgang af starfsemi leikskólans sem rekja má til fjárveitinga Reykjavíkurborgar skal nýta til að þróa leikskólastarfið. Þrátt fyrir það er rekstraraðila sem rekur leikskóla í einkahlutafélagi heimilt að ráðstafa allt að 75% af rekstrarafgangi ársins til útgreiðslu arðs. Í ítarupplýsingum leikskólans samkvæmt gr. 20.4 skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið. Ef að leikskólinn er rekinn af rekstraraðila sem jafnframt rekur grunnskóla í sama félagi gildir hins vegar sú meginregla sem sett er í lokamálsgrein 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla þar sem segir „Óheimilt er að taka fjármuni sem rekja má til opinberra fjárveitinga í formi arðgreiðslu eða öðrum fjárhagslegum ávinningi fyrir eigendur sem ekki tengist rekstri og skólastarfi. Þessi takmörkun á einnig við ef hinn sjálfstætt rekni skóli er seldur“.

[25. gr.

### *Rekstrarframlag fyrir börn frá 12/18 mánaða til 6 ára*

25.1 SFS greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma frá (a) frá 12 til 18 mánaða aldri vegna barna á ungbarnadeild og/eða (b) 18 mánaða aldri [vegna annarra barna] þar til barn hefur grunnskólagöngu um 6 ára aldur. Það er skilyrði greiðslu að leikskólinn hafi staðið við þær skyldur sem á honum hvíla samkvæmt 23. og 24. gr. Heildarfjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna á aldrinum 18 mánaða til sex ára er samanlagður fjöldi barna samkvæmt samningi vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára og samkvæmt samningi um ungbarnadeild 12 til 18 mánaða. Hinsvegar getur fjöldi barna á aldrinum 12 til 18 mánaða ekki verið umfram þann fjölda sem tilgreindur er í samningi vegna ungbarnadeildar. Þannig munu greiðslur framlags ekki falla niður þegar börn ná 18 mánaða aldri á þeim grundvelli einum að heimild til greiðslu framlags vegna tilgreinds fjölda á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, sé fullnýttur. Hins vegar breytist framlagið til samræmis við það að greitt verður með þeim börnum til samræmis við framlög vegna eldri barna.

25.2 Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði við börn í borgarreknum leikskólum, samkvæmt fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði leikskóla Reykjavíkurborgar, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar leikskóla sem ekki er áætlaður á leikskóla Reykjavíkurborgar og að frádreginni húsaleigu, sértæks stuðnings og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

25.3 Heildarkostnaður (án húsaleigu og sértæks stuðnings) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.



## Fylgiskjal 2

25.4 Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka [1 og/eða 2].

[26. gr.

### *Rekstrarframlag fyrir börn á aldrinum 9/12 mánaða til 36 mánaða, ungbarnaleikskólar*

26.1 SFS greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma frá 12 mánaða aldri vegna barna hjóna og sambúðarfólk og frá 9 mánaða aldri fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna, ef skilyrði 23. og 24. gr. samningsins eru uppfyllt. Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

26.2 Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu og sértæks stuðnings ) við börn í borgarreknunum leikskólum, samkvæmt fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknun leikskóla og að frádreginni húsaleigu, sértæks stuðnings og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

26.3 Heildarkostnaður (án húsaleigu og sértæks stuðnings ) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

26.4 Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og/eða 2.

27. gr.

### *Útreikningur rekstrarframlags*

27.1 Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sértæks stuðnings ) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna leikskóla sbr. 8. gr. þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15 vegna ungbarnadeilda og ungbarnaleikskóla og/eða 1,15 vegna leikskóla fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og/eða 2. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

28. gr.

### *Útreikningur dvalargildis*

28.1 Fjárhagsáætlun SFS vegna leikskóla Reykjavíkurborgar liggur til grundvallar útreikningi rekstrarframlagsins, sem byggir á meðalfjárheimild pr. barn í leikskólum borgarinnar að viðbættum sameiginlegum kostnaði en að frádregnum fjárheimildum vegna húsnæðiskostnaðar og sértæks stuðnings. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun samkvæmt framangreindu hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert.



## Fylgiskjal 2

Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri, sbr. samþykktu fjárhagsáætlun. Mun SFS upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum.

28.2 Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sértæks stuðnings) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum grunni að framlagi að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá SFS vegna leikskóla sbr. 7. gr., margfölduð með 2,15 vegna ungbarnadeilda og ungbarnaleikskóla og/eða 1,15 vegna leikskóla fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og/eða 2.

28.3 Hlutfall fagmenntaðra starfsfólks leikskólans reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka [1 / 2]. Leikskólanum ber að veita SFS upplýsingar um fagmenntun starfsfólks í gegnum skráningar- og upplýsingakerfið Völu leikskóla. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðu starfsfólki kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka [1 og/eða 2] og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækkun/lækkun greiðslu.

28.4 Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í sex daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá leikskólum Reykjavíkurborgar, án þess að rekstrarframlag skerðist.

28.5 Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og herra framlag vegna systkina er háð skilyrðum reglna um leikskólaþjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkirkt og miðast við þann dag er gögnum er skilað til SFS. Þó er heimilt að leiðrétta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma til samræmis við reglur um leikskólaþjónustu.

29. gr.

### *Húsnæðisframlag*

29.1 SFS greiðir húsnæðisframlag fyrir börn með lögheimili í Reykjavík sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma.

29.2 Framlag vegna húsnæðiskostnaðar tekur mið af fjölda barna með lögheimili í Reykjavík í leikskólanum og skal miðast við að fermetrafjöldi pr. barn sé á bilinu 6-8 fm. pr. barn og 4.200 kr. pr. fermetra (miðað við 11 mánaða greiðslu), að hámarki skal miða við 8 fm. Fjárhæðin uppfærir fjórum sinnum á ári í samræmi við breytingu á húsnæðislið vísitölu neysliverðs (þ.e. 041 Greidd húsaleiga, 268,9 stig janúar 2024) í janúar, apríl, júlí og október. Ef fm fjöldi pr. barn er minni en 6 fm þá skerðist framlagið hlutfallslega frá þeirri viðmiðunartölu.

29.3 Sé leikskóli í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar þá skal húsnæðisframlagið þó aldrei vera hærra en sem nemur innri leigu sem leikskólinn greiðir til Eignasjóðs Reykjavíkurborgar margfölduðu með hlutfalli reykvískra barna af heildarfjölda barna.





30. gr.

*Aukaframlag vegna rekstrarþátta*

30.1 Greitt er aukaframlag vegna jafnlaunavottunar, trygginga og endurskoðunar ársreikninga kr. 3.500 á mánuði með hverju barni með lögheimili í Reykjavík sem innritað er í leikskólann. Ekki er greitt vegna júlí mánaðar.

Sundurliðun fjárhæðarinnar er með eftirfarandi hætti: Greiddar eru vegna jafnlaunavottunar kr. 1.000, vegna endurskoðunar ársreikninga kr. 1.500 og vegna trygginga kr. 1.000. Fjárhæðin skal uppreiknuð í janúar á ári hverju og skal miða við gildi neysluvöruvísitölu 1. janúar 2025 sem grunn.

31. gr.

*Endurkrafa á ofgreiddu framlagi*

31.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Rekstraraðili getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

**VIII. kafli**

***Gildistími, endurskoðun, uppsögn, vanefndir, viðurlög og þagnarskylda***

32. gr.

*Gildistími, endurskoðun og uppsögn samnings*

32.1 Samningurinn gildir frá 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2028 og fellur þá úr gildi án þess að þörf sé á uppsögn eða tilkynningar.

32.2 Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir endurskoðun á ákvæðum hans. Skal afstaða til rökstuddar beiðni um endurskoðun liggja fyrir með skriflegum hætti innan mánaðar frá því að hún var lögð fram sé þess kostur.

32.3 Sex mánuðum áður en samningstími rennur út skulu samningsaðilar taka ákvæði samningsins til endurskoðunar og taka ákvörðun um hvort að hann skuli framlengdur með eða án breytinga og þá til hve langs tíma.

32.4 Ef gerðar eru breytingar á samningnum í kjölfar endurskoðunar eða hann framlengdur skal gerður um það sérstakur viðbótarsamningur.

32.5 Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara á samningstíma og miðast uppsagnarfrestur við mánaðamót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

32.6 Gerður er fyrirvari af hálfu SFS um fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi SFS skertur.

32.7. Litið er svo á að samningur aðila, dags. [dags. samnings ] með síðari viðaukum, haldi gildi sínu þar til samningur þessi tekur gildi þann 1. janúar 2025.



### 33. gr.

#### *Vanefndir og viðurlög*

33.1 Leikskólinn skal upplýsa SFS svo fljótt sem verða má ef að rekstur leikskólans stefnir í að ógna rekstrarhæfi eða gjaldhæfi hans.

33.2 Ef verulegar vanefndir verða á einstökum ákvæðum samningsins hvað varðar starfsemi leikskólans að mati SFS og þær verða velferð barna í leikskólanum, skal hann gera leikskólanum skriflega grein fyrir því og óska úrbóta innan sanngjarns tíma miðað við eðli máls. Leikskólinn skal svo fljótt sem auðið er finna leiðir til úrbóta og framkvæma þær. Telji SFS úrbætur ófullnægjandi er honum heimilt að segja upp samningnum og fellur hann þá þegar úr gildi.

33.3 Ef líklegt þykir að fjárhagsstaða rekstraraðila leikskólans muni standa rekstrinum fyrir þrifum er SFS heimilt með 7 daga fyrirvara að óska tafarlausra úrbóta á fjárhagsstöðunni og ef ekki er orðið við því þá segja samningunum upp og fellur hann þá þegar úr gildi. Það skal vera sameiginlegt mat SFS og endurskoðenda leikskólans ef svo er talið. Upplýsingar úr ársreikningi leikskólans eða aðrar utanaðkomandi upplýsingar geta á hverjum tíma leitt til sérstakrar skoðunar á fjárhagsstöðu rekstraraðila.

33.4 Ef fyrir liggur að rekstrarhæfi eða gjaldhæfi rekstraraðila leikskólans er ábótavant að mati SFS getur Reykjavíkurborg sagt upp eða eftir atvikum rift þjónustusamningi við rekstraraðila leikskólann eða ákveðið að gera ekki nýjan samning.

### 34. gr.

#### *Force Majeure*

34.1 Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

### 35. gr.

#### *Varnarþing*

35.1 Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 36. gr.

#### *Undirritun*

36.1 Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

### **Ákvæði til bráðabirgða**

Ákvæði 6.12 í samningi þessum sem kveður á um að leikskólanum sé unnt að óska eftir sérákvæði í samningi vegna frávika frá kennitölu kemur til framkvæmda eigi síðar 1. júlí 2025. Vegna innritunar fyrir komandi skólaár 2025 - 2026 sem fram fer á tímabilinu 1. mars til 15. apríl 2025 er leikskólanum heimilt að innrita samkvæmt þeim innritunarreglum sem í gildi hafa



## Fylgiskjal 2

verið hjá honum en þó með það að leiðarljósi sem áður og til samræmis við samninginn að innritað sé eftir kennitöluröð, elsta barnið fyrst, börn með lögheimili í Reykjavík.

Að innritun lokinni þann 15. apríl 2025 verður skipuð samstarfsnefnd af hálfu skóla- og frístundasviðs og Samtaka sjálfstæðra skóla sem hefur það verkefni að skilgreina hvaða málefnalegu sjónarmið, umfram þau sem nú þegar eru skilgreind í reglum um leikskólalþjónustu, geti orðið grunnur að heimild til frávika frá innritun eftir kennitöluröð í gr. 6.12 fyrirmyndar að samningi. Engu að síður gildir að Reykjavíkurborg er á grundvelli 26. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu. Gerður er fyrirvari um að það er skóla- og frístundaráð og borgarráð sem taka endanlega ákvörðun varðandi viðmið eða reglur um frávik, samþykkt eða synjun beiðna um frávik frá innritun eftir kennitöluröð.

Viðaukar:

Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag vegna eldri barna

Viðauki 2: Um rekstrar- og húsnæðisframlag vegna ungbarnaleikskóla og ungbarnadeilda

Viðauki 3: Reglur um leikskólalþjónustu

Viðauki 4: Reglur Reykjavíkurborgar um styrki



## **Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið - börn frá 18 mánaða til 6 ára**

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna tilgreinds fjölda barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar [reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra](#) og [reglur um leikskólaþjónustu](#) á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#). Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

### **I – REKSTRARFRAMLAG**

#### **1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára**

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða aldri og þar til grunnskólaganga hefst við 6 ára aldur.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu og sérstaks stuðnings) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekinn leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinn leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu og sérstaks stuðnings) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

##### **a. Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sérstaks stuðnings) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.



<b>Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)</b>	<b>Fjárhæð 1.1.2025</b>
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	95.572 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	47.486 kr.

**b. Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sértæks stuðnings) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV

Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

<b>Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)</b>	<b>Fjárhæð 1.1.2025</b>
Pr. dvalargildi á mánuði	19.742 kr.

\*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla Hækkun á framlagi leikskóla

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks<sup>1</sup> í leikskólanum sé 42,9%<sup>2</sup>. Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

<sup>1</sup>Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaða við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórarstarf eða aðstoðarleikskólastjórarstarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

<sup>2</sup> Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. útgefnum gögnum sfs í tölum (<https://menntastefna.is/gaedastarf/tolfraedi/>)



- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi SNS og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sameykis
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %<sup>3</sup> fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

**c. Rekstrarframlag vegna jafnlaunavottunar, trygginga og endurskoðunar fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur er 3.500 kr. Þetta uppfærast árlega í takt við breytingar á vísitöluneysluverðs einu sinni á ári. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Framlagið vegna jafnlaunavottunar, trygginga og endurskoðunar kr. 3.500 mun leggjast við rekstrarframlag pr. barn að fjárhæð 95.572. Rekstrarframlag mun því vera samtals kr. 99.072 pr. barn á mánuði í heilsdagsvistun eða 49.536 vegna hálf dagsvistunar.

**II – HÚSNÆÐISFRAMLAG**

Greitt er húsnæðisframlag fyrir börn með lögheimili í Reykjavík sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma.

Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	38.432 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	19.216 kr.

Framlag vegna húsnæðiskostnaðar tekur mið af fjölda barna með lögheimili í Reykjavík í leikskólanum og skal miðast við að fermetra fjöldi pr. barn sé á bilinu 6-8 fm. pr. barn og 4.200 kr. pr. fermetra, að hámarki skal miða við 8 fm., sem uppfærast fjórum sinnum á ári með húsnæðislið vísitölu neysluverðs (þ.e. 041 Greidd húsaleiga, 268,9 stig janúar 2024 ). Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Sé leikskóli í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar þá skal húsnæðisframlagið þó aldrei vera hærra en sem nemur innri leigu sem leikskólinn greiðir til Eignasjóðs Reykjavíkurborgar margfölduðu með hlutfalli reykvískra barna af heildarfjölda barna.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

<sup>3</sup> Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.



### III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

### IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS SKÓLA- OG FRÍSTUNDAVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2025:

Eldri barna skólar												
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalarfíni (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr barn (heilsdags á mánuði vegna jafnlaunavottunnar, endurskobunar og trygginga	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og feðisgjald) foreldra (samhúð), margfölduð með 1,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK	
Stuðull:				0,294%								
<b>M.v. 42,9 % faghlutfall</b>												
18 - 23 mánaða	2	8	16	42,90%	19.742	95.572	3.500	38.432	453.376	<b>39.723</b>	413.653	
2 ára	1,6	8	12,8	42,90%	19.742	95.572	3.500	38.432	390.202	<b>39.723</b>	350.478	
3 ára	1,3	8	10,4	42,90%	19.742	95.572	3.500	38.432	342.821	<b>39.723</b>	303.098	
4 ára	1	8	8	42,90%	19.742	95.572	3.500	38.432	295.440	<b>39.723</b>	255.717	
5 og 6 ára	0,8	8	6,4	42,90%	19.742	95.572	3.500	38.432	263.853	<b>39.723</b>	224.130	

Til viðbótar er greitt fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs. Leikskólinn á rétt á skólaþjónustu í Miðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Barngildisstuðull<sup>4</sup> miðast við árgang og uppfærast í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2023 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2025, hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2023.

Við ákvörðun um fjölda starfsfólks ber að taka tillit til viðmiða SFS um barngildisstuðul í töflunni hér að framan. Viðmið SFS geta tekið breytingum og gilda þá sömu breytingar og fyrir leikskólann.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, einstæðra foreldra, öryrkja þar sem foreldri er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, <https://reykjavik.is>.

<sup>4</sup>Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.



## **V – GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI**

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag vegna, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 1,15.

## **VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

## **VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins, sem byggir á meðalfjárheimild pr. barn í leikskólum borgarinnar að viðbættum sameiginlegum kostnaði en að frádregnum fjárheimildum vegna húsnæðiskostnaðar og stuðnings. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.





## **Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið börn 9/12 mánaða til 36 mánaða**

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna tilgreinds fjölda barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar [reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra](#) og [reglur um leikskólaþjónustu](#) á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#). Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

### **I – REKSTRARFRAMLAG**

#### **1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 9/12 mánaða aldri til 36 mánaða**

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 12 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 9 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 9 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu og sértæks stuðnings) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekinn leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinn leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu og sértæks stuðnings) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

##### **a. Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sérstæks stuðnings) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgræiðslu foreldra, þ.e. græiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV



Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.1.2025
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	95.572 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	47.786 kr.

**b. Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu og sértæks stuðnings) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.1.2025
Pr. dvalargildi á mánuði	19.742 kr.

\*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks<sup>1</sup> í leikskólanum sé 42,9 %<sup>2</sup>. Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi SNS og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sameykis
- Þroskajálfi á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskajálfafélags Íslands

<sup>1</sup>Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

<sup>2</sup> Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. útgefnum gögnum sfs í tölum (<http://menntastefnan.is/gaedastarf/tolfraedi/>)



- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %<sup>3</sup> fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80 %.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

**c. Rekstrarframlag vegna jafnlaunavottunar, trygginga og endurskoðunar fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur er 3.500 kr. Þetta uppfærast árlega í takt við breytingar á vísitöluneysluverðs einu sinni á ári. Rekstraframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Framlagið vegna jafnlaunavottunar, trygginga og endurskoðunar kr. 3.500 mun leggjast við rekstrarframlag pr. barn að fjárhæð 95.572. Rekstraframlag mun því vera samtals kr. 99.072 pr. barn á mánuði í heilsdagsvistun eða 49.536 vegna hálf dagsvistunar.

## II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Greitt er húsnæðisframlag fyrir börn með lögheimili í Reykjavík sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma.

Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	38.432 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	19.216 kr.

Framlag vegna húsnæðiskostnaðar tekur mið af fjölda barna með lögheimili í Reykjavík í leikskólanum og skal miðast við að fermetra fjöldi pr. barn sé á bilinu 6-8 fm. pr. barn og 4.200 kr. pr. fermetra, að hámarki skal miða við 8 fm., sem uppfærast fjórum sinnum á ári með húsnæðislið vísitölu neysluverðs (þ.e. 041 Greidd húsaleiga, 268,9 stig janúar 2024). Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Sé leikskóli í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar þá skal húsnæðisframlagið þó aldrei vera hærra en sem nemur innri leigu sem leikskólinn greiðir til Eignasjóðs Reykjavíkurborgar margfölduðu með hlutfalli reykvískra barna af heildarfjölda barna.

<sup>3</sup> Prósentuhlutfall á lækku/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.



Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

### III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

### IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS skóla- og frístundasviðs

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2025:

Ungbarnaskólar												
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði vegna jafnlauna-vottunar, endurskoðunar og trygginga	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Cjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK	
Stuðull:				0,294%								
<b>M.v. 42,9 % faghlutfall</b>												
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	42,90%	19.742	95.572	3.500	38.442	453.386	<b>74.265</b>	379.121	
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	42,90%	19.742	95.572	3.500	38.442	390.212	<b>74.265</b>	315.946	

Til viðbótar er greitt fyrir sérstaka aðstoð og þjálfun í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs. Leikskólinn á rétt á skólalþjónustu í Miðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Barngildisstuðull<sup>4</sup> miðast við árgang og uppfærast í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2023 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2025 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2023. Við ákvörðun um fjölda starfsfólks ber að taka tillit til viðmiða SFS um barngildisstuðul í töflunni hér að framan. Viðmið SFS geta tekið breytingum og gilda þá sömu breytingar og fyrir leikskólann.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, einstæðra foreldra, öryrkja þar sem foreldri er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólalþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, <https://reykjavik.is/>

<sup>4</sup> Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.



## **V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI**

Gjaldskrá ungbarnaleikskóla vegna barna undir 36 mánaða aldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

## **VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

## **VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins, sem byggir á meðalfjárheimild pr. barn í leikskólum borgarinnar að viðbættum sameiginlegum kostnaði en að frádregnum fjárheimildum vegna húsnæðiskostnaðar og stuðnings.. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

# **Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið**

## **Börn frá 18 mánaða til 6 ára**

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra og reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu [www.reykjavik.is/skoliogfristund](http://www.reykjavik.is/skoliogfristund). Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

### **I – REKSTRARFRAMLAG**

#### **1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára**

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða aldri og þar til grunnskólaganga hefst við 6 ára aldur.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknunum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknunum leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

#### **a. Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássna í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV

Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

<b>Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári )</b>	<b>Fjárhæð 1.10.2023</b>
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	82.214 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	41.107 kr.

**b. Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

<b>Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)</b>	<b>Fjárhæð 1.10.2023</b>
Pr. dvalargildi á mánuði	19.001 kr.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks<sup>1</sup> í leikskólanum sé 66,9%<sup>2</sup>. Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

<sup>1</sup>Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaða við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

<sup>2</sup> Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknunum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %<sup>3</sup> fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.<sup>4</sup>

## 2. Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama rekstrarframlag og vegna vistunar reykviskra barna hjá dagforeldrum. Sama húsnæðisframlag er greitt og vegna barna 18 mánaða til 6 ára.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

## II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	33.192 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	16.596 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

<sup>3</sup> Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

<sup>4</sup> Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.



Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

### III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknunum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

### IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2023:

Eldri barna skólar											
Aldur barns	Barnveldisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 1,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK	
Stuðull:				0,294%							
<b>M.v. 66,9 % faghlutfal</b>											
6/9 - 17 mánaða	Dagf.gr.	8				75.855	33.192	109.047		109.047	
18 - 23 mánaða	2	8	16	66,90%	19.001	82.214	33.192	419.422	37.119	382.303	
2 ára	1,6	8	12,8	66,90%	19.001	82.214	33.192	358.619	37.119	321.500	
3 ára	1,3	8	10,4	66,90%	19.001	82.214	33.192	313.016	37.119	275.897	
4 ára	1	8	8	66,90%	19.001	82.214	33.192	267.414	37.119	230.295	
5 og 6 ára	0,8	8	6,4	66,90%	19.001	82.214	33.192	237.012	37.119	199.893	
Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum											

Barnveldisstuðull<sup>5</sup> miðast við árgang og uppfærast í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2021 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2023, hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2021.

<sup>5</sup>Barnveldisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknunum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, einstæðra foreldra, öryrkja þar sem foreldri er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, <https://reykjavik.is/SFS>.

## **V – GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI**

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 1,15.

## **VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

## **VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

# **Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið**

**Börn 6/9 mánaða til 36 mánaða**

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra, reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu [www.reykjavik.is/skoliogfristund](http://www.reykjavik.is/skoliogfristund).

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

## **I – REKSTRARFRAMLAG**

### **1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða**

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt herra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

#### **a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássna í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

<b>Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári )</b>	<b>Fjárhæð 1.10.2023</b>
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	82.214 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	41.107 kr.

\*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

**b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknunum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

<b>Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)</b>	<b>Fjárhæð 1.10.2023</b>
Pr. dvalargildi á mánuði	19.001 kr.

\*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks<sup>1</sup> í leikskólanum sé 66,9 %<sup>2</sup>. Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum

<sup>1</sup>Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólástjórnaenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sækji enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólástjórastarf eða aðstoðarleikskólástjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

<sup>2</sup> Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknunum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %<sup>3</sup> fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80 %.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.<sup>4</sup>

## II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	33.192 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	16.596 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

<sup>3</sup> Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

<sup>4</sup> Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

### III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknunum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

### IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2023:

Ungbarnaskólar											
	Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:					0,294%						
<b>M.v. 69,9 % faghlutfall</b>											
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	66,90%	19.001	82.214	33.192	419.422	69.396	350.026	
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	66,90%	19.001	82.214	33.192	358.619	69.396	289.223	
Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum											

Barngildisstuðull<sup>5</sup> miðast við árgang og uppfærast í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2021 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2023 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2021.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, einstæðra foreldra, öryrkja þar sem foreldri er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, <https://reykjavik.is/SFS>.

### V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá ungbarnaleikskóla vegna barna undir 36 mánaða aldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærra en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

<sup>5</sup> Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknunum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

## **VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

## **VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI**

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.



## Reglur um leikskólalþjónustu

### Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérlaga eftir því sem við á.

### 1. Innritun – opnunartími

#### 1.a Innritun

Reykjavíkurborg starfrækir leikskóla. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og [eftir hverfum](#).

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu – [umsokn.vala.is](http://umsokn.vala.is). Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum miðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við 6 mánaða aldur og raðast þau á biðlista á þá leikskóla sem sótt er um eftir fæðingardegi og ári, elsta barnið fyrst.

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir. Auk þessa starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla sem taka inn börn á aldrinum 12 til 24 mánaða.

Foreldrar skulu sækja um að lágmarki tvo leikskóla fyrir barn sitt þegar um nýja umsókn er að ræða. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur, er foreldrum heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla.<sup>1</sup>

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

---

<sup>1</sup> Vegna staðsetningar leikskólans Bergs, er gerð undantekning hvað þetta varðar.



Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 daga á meðan unnið er úr fyrirleggjandi umsóknum um leikskóla eins og þær standa á aðalinnritunardegi.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst og á það við jafnt um almennar deildir og ungbarnadeildir. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarnadeildir ekki framur eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Þá starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 3ja ára. Börn geta byrjað í þessum leikskólum allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau fari í annan leikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef foreldrar fá ekki úthlutað pláss fyrir barn sitt áður en það nær 24 mánaða aldri færast umsókn í annan leikskóla sem foreldrar hafa valið. Börn innritast í ungbarnaleikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmiðið 12 – 24 mánaða. Í upphafi þess árs sem börn í ungbarnaleikskólum verða þriggja ára er foreldrum þeirra skylt að sækja um flutning í aðra leikskóla fyrir komandi skólaár og fá foreldrar bréf með áminningu þess efnis. Flutningsumsóknir vegna þessara barna eru afgreiddar í almennri innritun leikskóla sem fer fram árlega á vorönn. Ef flutningur í annan leikskóla fyrir eldri börn nær ekki fram að ganga er boðin áframhaldandi dvöl á meðan beðið er eftir pláss.

Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólapláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt, þrátt fyrir meginreglu 7. mgr. í grein 1a. um að kennitöluröð ráði innritun á leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Reykjavík. Ef nýta á þessa heimild ber leikskólastjóra að sækja um leyfi til innritunar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Það sama gildir um sjálfstætt rekna leikskóla sem þó þurfa ekki að sækja um leyfi til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum. Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

## **1.b Opnunartími, skipulagsdagur og sumarleyfi leikskóla**

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30. Opnunartími [skilgreindra leikskóla](#), einn til tveir í hverju hverfi er frá kl. 7:30 til 17:00. Dvalartími barna í báðum tilvikum getur verið mismunandi eftir dögum, frá fjórum til að hámarki níu klukkustundum daglega en þó að hámarki 42,5 klukkustundir innan vikunnar frá mánudegi til föstudags.<sup>2</sup>

Foreldrar sem telja að þeir falli undir skilgreindan hóp sem talið er að erfiðast eigi með að bregðast við lokun leikskóla kl. 16:30 geta sótt um að tekið verði tillit aðstæðna þeirra vegna umsóknar í leikskóla með opnunartíma til kl. 17:00. Þessi skilgreindi hópur er sá hópur foreldra sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu, sá hópur þar sem eru miklar fjarlægðir milli leikskóla

<sup>2</sup> 1. mgr. í gr. 1.b gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024.

og vinnustaðar auk þeirra sem hafa tekjur undir meðaltekjum samkvæmt útreikningum Hagstofu. Ef umsókn er samþykkt er heimilt að taka tillit til aðstæðnanna að því gefnu að þeim börnum sem eru framar á biðlista bjóðist rými í öðrum þeim leikskóla sem foreldrar setja til vara.<sup>3</sup>

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólagjöld eru felld niður hlutfallslega vegna barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á neðangreindum tímabilum. Á þessum dögum er vistun valkvæð og því þarf að skrá börn sérstaklega í leikskólann. Ef foreldri skráir ekki vistun barns innan auglýsts frests er litið svo á að það sé í frí á umræddu tímabili. Unnt er að skrá barn í vistun staka daga eða alla dagana og gengur þá lækkun leikskólagjalda til baka. Tilkynnt verður sérstaklega um þessa daga áður en opnað er fyrir skráningu á dagana. Þeir dagar sem um ræðir eru:

- Allir virkir dagar milli jóla og nýárs
- Allir virkir dagar í dymbilviku (síðustu vikuna fyrir páska)
- Allir virkir dagar í öðru hvoru eða báðum vetrarleyfum grunnskóla (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar). [Skóladagatalið má sjá hér](#)

Frestur til að skrá vistun barns í leikskóla vegna daganna á milli jóla og nýárs er til 10. desember ár hvert. Fyrir dymbilviku og vetrarfrí grunnskóla er skráningarfrestur auglýstur með 30 daga fyrirvara og gildir í tvær vikur. Skráning fer fram á [umsokn.vala.is](http://umsokn.vala.is) og er á ábyrgð foreldra.<sup>4</sup>

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Ef leikskólinn sem barnið er í er opinn allt sumarið er unnt að óska eftir að skipta upp sumarleyfinu í tvo hluta. Skilyrði er að annað tímabilið sé að lágmarki fimm virkir dagar og að bæði tímabilin séu innan sumarleyfistímabils, sem er frá 15. maí til 15. september. Beiðni um að skipta upp sumarleyfi barns skal senda til viðkomandi leikskólastjóra.

### **1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla**

Í Reykjavík eru [sjálfstætt starfandi leikskólar](#) og eru þeir með samning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna vistunar reykvískra barna. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is). Samningar skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi leikskóla felur í sér að skóla- og frístundasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun og innheimtu leikskólagjalda. Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólaláss fyrir barn.

Skóla- og frístundasvið gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykvískra barna. Framlag skóla- og frístundasviðs vegna vistunar reykvískra

<sup>3</sup> 2. mgr. í gr. 1.b gildir frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024.

<sup>4</sup> Skráning fer fram á þar til gerðu eyðublaðið þar til búið er að gera nauðsynlegar breytingar á Völu.

barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi sveitarfélaga, sjá nánar [www.samband.is](http://www.samband.is), enda uppfylli barn skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: [innritun.leikskolar@reykjavik.is](mailto:innritun.leikskolar@reykjavik.is)

Ekki er greitt framlag með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur en heimilt er að greiða sömu niðurgreiðslu og greidd er til dagforeldra sé öllum skilyrðum reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum fullnægt. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: [innritun.leikskolar@reykjavik.is](mailto:innritun.leikskolar@reykjavik.is)

Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrir en að uppsagnarfresti liðnum.

Nánari upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef skóla- og frístundasviðs, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

## 2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrir en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum borgarinnar og til framlags skóla- og frístundasviðs .

Hafi leikskóla verið úthlutað án þess að lögheimili barnsins hafi verið flutt til Reykjavíkur verður lögheimilið að vera komið til Reykjavíkur eigi síðar en 7 dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast. Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássið ef skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Öll framangreind skilyrði eiga einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

### 2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík og framlag skóla- og frístundasviðs til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar barna með lögheimili í Reykjavík.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef barn er á biðlista eftir leikskóla og ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan

sex til tólf mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is). Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám, barnavernd vegna barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili í Reykjavík, fjölskyldur þingmanna og fjölskyldur erlendra sendiráða sem eru erlendir ríkisborgarar geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is) og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólk í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta ekki fengið leikskóla fyrir börn sín í leikskólum Reykjavíkurborgar

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjá mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar [gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar](#).

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 80/2018, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is).

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram skráningarskírteini frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

### **3. Flutningur milli leikskóla**

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann á umsokn.vala.is. Þetta á einnig við um börn sem dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum og óska eftir flutningi í borgarrekinn leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst sbr. þó 7.mgr. í gr.1.a.

### **4. Forgangur að leikskóla**

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Til þess að sækja um forgang í leikskóla skrá foreldrar sig inn á [Mínar síður](#) á heimasíðu Reykjavíkurborgar með rafrænum skilríkjum. Þar er að finna umsókn um forgang í leikskóla. Það sama gildir fyrir sjálfstætt rekna leikskóla. Umsókn um forgang að leikskóla fellur niður þegar barn hefur hafið dvöl í leikskóla eða þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram hafi barn ekki hafið dvöl innan þess tíma. Sé óskað eftir áframhaldandi forgangi skal sækja um hann að nýju. Skóla- og frístundasvið metur hvort endurnýja þarf vottorð sem fylgdi fyrri umsókn.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

#### **I. Barna sem eru orðin 5 ára.**

#### **II. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.**

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

#### **III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.**

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.  
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- e) Þrífurur.

Liðir I., II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

#### **IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.**

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Forgangur fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar gildir aðeins á fyrstu umsókn um leikskólavist vegna barnsins, ekki þegar sótt er um flutning í annan leikskóla.

Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar og vera að lágmarki í 50% starfshlutfalli. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn. Umsókn skal senda á netfangið innritun.leikskolar@reykjavik.is.

Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri í leikskóla Reykjavíkurborgar.

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Starfsmenn leikskóla í launalausum leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna getur sótt um forgang fyrir barn sitt.

## **V. Barna starfsfólks í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík**

Sjálfstætt starfandi leikskólum er heimilt að veita starfsfólki sínu forgang að viðkomandi leikskóla að því gefnu að fullnægt sé skilyrðum 2.gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar.

## **5. Úthlutun leikskólaplássna, dvalarsamningur og uppsögn**

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássna fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal fara fram í gegnum umsokn.vala.is. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

## **6. Gjaldtaka**

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 5. mgr. í gr. 2.a. Komi til þess að lögheimili barns verði flutt til Reykjavíkur á meðan leikskóladvöl stendur yfir breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili flyst til Reykjavíkur til samræmis við almenna gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar vegna umsaminnar tímabundinnar dvalar á leikskólanum.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Reykjavík til útlanda gildir framangreind gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, frá þeim tíma er lögheimili flyst.

**Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.**

**Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:**

Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi, einstæðir foreldrar, öryrkjar og starfsmenn í leikskólum Reykjavíkurborgar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.e.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn á leikskóla.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

## **6.a Námsmannaafsláttur**

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- eru í framhaldsskóla og uppfylla lánshæfnisskilyrði LÍN
- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum umsokn.vala.is.

Sé skólavottorði ekki skilað með umsókn þarf það að hafa borist innan 14 daga frá því umsókn er lögð fram. Að öðrum kosti fellur umsóknin niður.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað.

**Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

### **6.b Afsláttur til einstæðra foreldra**

- Umsókn skal send í gegnum umsokn.vala.is og skal endurnýjuð fyrir 15. ágúst ár hvert. Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá, þ.e. barn þarf að vera skráð á sömu lögheimilistengsl og lögheimili og umsækjandi um afslátt af leikskólagjöldum.
- Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins svo fremi að upplýsingar um breytta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá.

Foreldri með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá getur fengið afslátt af námsgjaldi til einstæðra foreldra þegar um undanfara skilnaðar er að ræða. Skila skal inn staðfestingu frá sýslumanni um að óskað hafi verið eftir leyfi til skilnaðar. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu frá foreldri á því að um undanfara skilnaðar sé að ræða, s.s. að það undirriti staðfestingu þess efnis. Afsláttur er ekki veittur sé lögheimili foreldra á sama stað. Afsláttur er veittur frá þeim degi sem framangreindum skilyrðum er fullnægt, að öðrum skilyrðum afsláttar til einstæðra uppfylltum, þ.m.t. að endurnýja skuli umsókn árlega fyrir 15. ágúst og afhenda leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla. Afsláttur er ekki veittur til foreldris með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá, þegar um undanfara skilnaðar er að ræða, í lengri tíma en tvö ár. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

**Afsláttur er veittur frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt.**

**Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í þjóðskrá sem einstætt foreldri.

Það er skilyrði að foreldri sækji um afslátt gegnum umsokn.vala. og þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir leikskólagjöld afturvirk frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.



Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

### 6.c Afsláttur vegna örorku

Foreldri sem er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fær afslátt af námsgjaldi.

- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum umsokn.vala.is.
- Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins á tímabili endurhæfingar.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins berst. **Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

### 6.d Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 100 % afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir barn sitt. Ef þrjú systkini eða fleiri sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá eru í vistun í leikskólum borgarinnar, skóla- og frístundasvið greiðir framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla, systkini eru í grunnskóla borgarinnar, greitt er framlag vegna þeirra til sjálfstætt rekis grunnskóla á grundvelli sammings þar um, eða eru í frístundaheimili Reykjavíkurborgar eða sértækri félagsmiðstöð borgarinnar greiða foreldrar fæðisgjald fyrir tvö börn. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngstu barnanna en afsláttur er veittur af gjaldi eldra barns/barna.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna hjá dagforeldrum má sjá á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

### 6.e Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Afslátt af námsgjaldi fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt í gegnum umsokn.vala.is.
- Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá afslátt fyrir barn í heilsdagsvistun
- Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá afslátt fyrir barn í hálfdagsvistun
- Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

**Afsláttur gildir frá því að umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalaus leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um að afslátt að nýju.

Starfsmanni ber einnig að tilkynna leikskólastjóra í leikskóla barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að áhrif hafi á afslátt af leikskólagjöldum.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leikskólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum fá framlag til lækkunar leikskólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sækir um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leikskóla Reykjavíkur í leikskólum Reykjavíkurborgar. Afsláttur gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði en greiðist gegn framvísun reikninga vegna leikskólagjalda eða staðfestingu frá sveitarfélagi, þar sem fram koma upplýsingar um vistunartíma og dvalartímabil. Starfsmaður skal skila gögnum að lágmarki einu sinni á ári. **Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Hafi starfsmaður fengið afslátt af leikskólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leikskólagjalda afturvirkur.

#### **6.f Veikindi barns**

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skóla- og frístundasvið um að barnið hafi hafið leikskóladvöl að nýju. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leikskólagjöld afturvirkur komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leikskólagöngu að nýju.

#### **7. Sérkennsla**

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

#### **8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings**

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111 og óska eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Ef leikskólanum er ekki lokað eða er lokaður skemur en tuttugu virka daga, falla leikskólagjöld niður þann tíma sem leikskólinn er lokaður og einnig þegar barnið tekur sumarleyfi, þó aldrei meira en tuttugu virka daga samtals en öll börn skulu taka tuttugu virka daga í sumarleyfi. Sé leikskóla lokað í lengri tíma eru ekki innheimt leikskólagjöld fyrir þann tíma er lokun varir.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

### **8.a Innheimtuferill vegna vanskila**

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf .

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

### **8.b Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs leiðbeinir foreldrum um að leita úrlausna á miðstöðvum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólapláss í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

## **9. Lagareglur og kæruleiðir**

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs um gjaldtöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innviðaráðuneytis ákvarðanir skóla- og frístundasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

## 10. Fræðsla um vinnslu persónuupplýsinga

Hér má nálgast [fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga](#) skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem á sér stað í leikskólum borgarinnar.

## 11. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2009.

Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009

Ákvæði til bráðabirgða

Frá 7. september 2021 er hætt að gera dvalarsamninga eða samþykkja breytingar á dvalarsamningum í þá veru að dvalartími fari fram yfir kl. 16:30 nema í þeim leikskólum sem verða skilgreindir sem leikskólar með opnunartíma til kl. 17:00.

Óskað verður eftir að foreldrar með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30 tilkynni fyrir 15. október 2021 hvort þeir óski eftir að halda dvalartímanum eftir 1. janúar 2022. Hefðbundinn umsóknar- og uppsagnarfrestur gildir þó.

Fyrir 31. október 2021 verður auglýst hvaða leikskólar verða opnir til kl. 17:00 og foreldrum sem þess óska gert kleift að sækja um flutning í þá skóla. Á tímabilinu 1. nóvember 2021 til 1. júní 2022 verður unnið með flutningsumsóknir foreldra, sem nú þegar eru með dvalarsamning fram yfir kl. 16.30, í þá leikskóla sem verða opnir til kl.17, áður en unnið verður úr öðrum umsóknum í þá leikskóla og flutningur veittur eftir því sem pláss leyfa.

Niðurstöður jafnréttismats frá júní 2020 vegna tillögu um breyttan opnunartíma leiddi í ljós að sá hópur foreldra sem helst muni eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma sé fólk sem hefur minnstan sveigjanleika í vinnu, sá hópur þar sem eru miklar fjarlægðir milli leikskóla og vinnustaðar auk þeirra sem hafa tekjur undir meðaltekjum samkvæmt útreikningum Hagstofu.

Foreldrar með dvalarsamning fram yfir 16:30 sem telja að þeir falli undir framangreindan hóp geta óskað eftir forgangi vegna flutnings í leikskóla með opnunartíma til kl. 17:00. Sá forgangur gengur þó ekki framur forgangi samkvæmt 4. og 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

Breytingar:

- 2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.
- 6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.

6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afslættir einstæðra af leikskólagjöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi foreldri ekki skilað umsókn til leikskólastjóra.

Grein 4. liður III tekur gildi 1. apríl 2010 og gildir fyrir öll börn starfsmanna sem þegar hafa fengið forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn sem þegar hafa fengið forgang þurfa ekki að sækja um að forgang að nýju.

Grein 6.f tekur gildi 1. apríl 2010. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allir afslættir starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar nema um þá hafi verið sótt að nýju á þar til gerðu eyðublaði.

4. gr. liður I um forgang 4-5 ára barna tekur gildi 17. mars 2010.

6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.

6.d. 1. mgr. um að veittur sé 75% afsláttur vegna annars barns tekur gildi 1. janúar 2011.

6.gr. e um afslátt fyrir börn í elsta árgangi fellur brott 1. september 2011.

4. gr. IV um brottfall starfsmannaforgangs tekur gildi 1. apríl 2011.

5. og 6. mgr. í 2.gr., 2. og 5. mgr. í gr. 2.a taka gildi 1. febrúar 2011, 3 mgr. í gr. 2.a. tekur gildi 1. apríl 2011.

2. mgr. í 4. gr., 4. gr. III b), 9. og 10. mgr. 6. gr., 2. mgr. í gr. 6.a, 3. og 4. mgr. í gr. 6.b taka gildi 1. febrúar 2011.

2. og 3. mgr. 8. gr. falla brott og ný 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tekur gildi 1. júní 2011.

2. mgr. gr. 1.b um að starfsdögum verði fjölgað úr fimm í sex tekur gildi 1. júní 2012. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 21. mars 2012 og í borgarráði 29. mars 2012.

Tilvísunum til leikskólasviðs breytt í skóla- og frístundasvið frá 1. mars 2013.

3. og 4. mgr. gr. 1. b breytt með þeim hætti að skylt er að börn fái tuttugu virka daga í sumarleyfi og að leikskóli loki samfellt í tíu virka daga í stað tveggja vikna, til tuttugu virkra daga í stað fjögurra vikna áður, tekur gildi 1. mars 2013.

2. mgr., gr. 1.c varðandi greiðslur skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.

Í 1. mgr. 2. gr. er gert að skilyrði fyrir leikskóladvöl að foreldrar barns séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Áður máttu vanskil ekki vera við leikskólasvið. Tekur gildi 1. mars 2013.

Í 1.mgr. gr. 2.a er áréttað að leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, tekur gildi 1. september 2013.

Í 2. mgr. gr. 2.a er áréttað að barn verður að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi til að heimilt sé að hafa barn áfram í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir flutning lögheimilis frá Reykjavík ef ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til 12 mánaða en áður var viðmiðið sex mánuðir. Tekur gildi 1. mars 2013.

Í 3. mgr. gr. 2.a er bætt við málsgrein um að barnavernd geti sótt um leikskólaláss fyrir barn með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili í Reykjavík gegn því að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði áður en leikskóladvöl hefst. Tekur gildi 1. mars 2013.

4. gr. IV varðandi forgang starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

4. og 5. mgr. 6. gr. varðandi gjaldskrá barna með erlent lögheimili sem flutt er til Íslands eða barna með lögheimili á Íslandi sem flutt er erlendis tekur gildi 1. mars 2013.

3. mgr. 6.gr. a varðandi námsmannaafslátt í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.

Gr. 6.c um afslátt á grundvelli endurhæfingarlífeyrisskírteinis tekur gildi 1. mars 2013.

Í gr. 6. d er áréttað að veittur er afsláttur fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngra barnsins fyrir eldra/eldri systkini. Tekur gildi 1. mars 2013.

5. mgr. og 6. mgr. 6.gr. e varðandi afslátt til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. febrúar 2013 og í borgarráði 21. febrúar 2013.

5. mgr. í gr. 6.b. varðandi afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 10. apríl 2013 og í borgarráði 18. apríl 2013.

6. til 11. mgr. í gr. 2.a varðandi leikskóla fyrir börn sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.

8. mgr. 6. gr. áréttung um sama lögheimili og fjölskyldunúmer tekur gildi 12. janúar 2015

Gr. 6.e. varðandi afslátt starfsmanna í launalausuleyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Gr. 4 IV. varðandi forgang starfsmanna leikskóla í launalausuleyfi á grunvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 5. nóvember og í borgarráði 8. janúar 2015.

1.mgr. gr. 1.b varðandi opnunartíma leikskóla úr 17:30 í 17:00 tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 25. febrúar 2015 og borgarráði 4. mars 2015.

Gr. 1a. varðandi systkinatillit tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 24. júní 2015 og borgarráði 2. júlí 2015.

Í 3. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýjum málslið sem verður 2. málsliður og í 6. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýrri málsgrein varðandi ungarnadeildir. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 11. apríl 2018 og í borgarráði 26. apríl 2018.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018, og 17. janúar 2019.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. apríl 2019 og í borgarráði 2. maí 2019.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 8. júní 2021 og í borgarráði 24. júní 2021.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 28. september 2021, í borgarráði 7. október 2021 og í borgarstjórn þann 19. október 2021.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 20. mars 2023 og í borgarráði 30. mars 2023.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. september 2024 og í borgarráði 19. september 2024.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.

|

## **Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017**

# **Reglur Reykjavíkurborgar um styrki**

### **1. kafli. Markmið.**

#### **1. gr.**

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

#### **2. gr.**

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

#### **3. gr.**

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

### **2. kafli. Ábyrgð.**

#### **4. gr.**

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verk svið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

#### **5. gr.**

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

## **6.gr.**

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

## **3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja**

### **7.gr.**

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

### **8. gr.**

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

### **9. gr.**

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

### **10.gr.**

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.



#### **11. gr.**

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

#### **12. gr.**

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

#### **13. gr.**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

#### **14. gr.**

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærrí styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

#### **15.gr.**

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

#### **16.gr.**

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

### **4. kafli. Gildistaka**

#### **17. gr.**

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 18. nóvember 2024

MSS22100084

## UMSÖGN

### Umsögn FAS um samning skóla og frístundasviðs (SFS) við sjálfstætt starfandi leikskóla (SSL)

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna nýs þjónustusamnings Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík um framlag vegna reksturs.

Samkvæmt minnisblaði skóla- og frístundasviðs er í nýjum samningi það sem markverðast er að lögð er áhersla á samræmt umsóknar- og innritunarkerfi fyrir leikskóla, en í því felst að allar umsóknir um leikskólalátt í Reykjavík fara inn í samræmt kerfi og er úthlutun á plássum stýrt þaðan, breyting er gerð á viðmiði um faghlutfall starfsmanna og þá mun Reykjavíkurborg greiða sérstakt framlag, 3.500 pr. barn á mánuði, til að mæta kostnaði sem er utan rekstrarkostnaðar borgarrekinnna skóla, s.s. vegna trygginga og endurskoðunar.

Framlög til sjálfstætt starfandi leikskóla verða við innleiðingu á nýjum samningi endurskoðuð og taka mið af stefnumótun borgarinnar í málefnum leikskóla og áætluðum fjárheimildum borgarrekinnna leikskóla vegna launa og annars rekstrarkostnaðar. Húsnæðisframlagið verður miðað við ákveðna fjárhæð pr. m<sup>2</sup> í stað þess að taka mið af innri leigu borgarrekinnna leikskóla eins og áður var. Sú fjárhæð mun í nýjum samningi taka breytingum skv. vísitölu neysliverðs.

#### **Umsögn:**

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur tekið samninginn til skoðunar og farið sérstaklega yfir áætlun kostnaðaráhrif hans á rekstur borgarinnar. Skóla- og frístundasvið hefur í minnisblaði með samningum gert grein fyrir þeim áhrifum sem samningurinn hefur og hafa fulltrúar skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar farið með ítarlegum hætti yfir þau.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs. Breytingum frá fyrri samningi er að stærstum hluta til mætt með aðlögun innan rekstrar hjá skóla- og frístundasviði og er takmarkaðra viðbótarfjárheimilda þörf sé horft til sértækra aðgerða sem samið hefur verið um við sjálfstætt starfandi leikskóla. Þó þarf að taka til skoðunar við úthlutun fjárheimilda fyrir árið 2025 að fjármagna þarf sérstaklega aðlögun á innritunarkerfinu Völu 10 m.kr. og breytt viðmið faghlutfalls sem hefur um 15 m.kr. áhrif m.v. stöðuna í dag.

Fjármála- og áhættustýringarsvið lýsir ánægju með að nýr samningur við sjálfstætt starfandi leikskóla sé í höfn og bendir á að nýtt úthlutunar- og rekstrarlíkan sem fengið



Reykjavík



hefur nafnið Snorri mun um leið og það verður tekið í notkun hafa verulega jákvæð áhrif á rekstur sjálfstætt starfandi leikskóla, enda taki rekstur þeirra eins og fram kemur hér að ofan mið af fjárförf í samræmi við stefnumótun borgarinnar í málefnum leikskóla og áætluðum fjárheimildum borgarrekinnna leikskóla vegna launa og annars rekstrarkostnaðar. Hefur sú mikla vinna sem þar hefur verið unnin bein áhrif á allt leikskólakerfið hvort sem er borgarrekinnna eða sjálfstætt starfandi leikskóla, sem og á starfsumhverfi leikskólakennara og annarra starfsmanna innan þess.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

